

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
INSTITUTE OF ARCHAEOLOGY

2006

Ársskýrsla
Annual Report



Forsíðumynd / Front cover:

Kirkja frá 14. öld á Gásum í Eyjafirði.
14th century church at Gásir, Eyjafjörður.

Mynd 1:

Uppgröftur sóknarkirkjunnar í Reykholti
Excavation of the parish church at Reykholt.

Mynd 2:

Bæjarhóll á Ásgerðarstöðum í Hörgárdal.
Farm mound at Ásgerðarstaðir, Hörgárdalur.

Mynd 3:

Hringur með innsigli sem fannst í Skálholti. Á innsiglinu eru stafirnir SAS.
Finger ring from Skálholt. The ring has a seal on it with the initials SAS.

Mynd 4:

Baksvipur fornleifafræðinga á Gásum.
Archaeologists' backsides at Gásir.

Mynd á baksíðu / Back side:

Fornleifafræðingar nota ýmsar aðferðir við að ná myndum af rústum.
Archaeologists use various methods to photograph ruins.

Fornleifastofnun Íslands

Stjórn

Adolf Friðriksson
Garðar Guðmundsson
Mjöll Snæsdóttir
Orri Vésteinsson
Gavin Lucas

Forstöðumaður

Adolf Friðriksson

Ritstjóri ársskýrslu

Birna Lárusdóttir

Prófarkalestur

Guðlaug Vilbogadóttir
Ashley Poole

Prentvinnsla

Litlaprent ehf



Í völundarhúsi tímans / In the Labyrinth of Time	4
Starfsemi og skipulag / Organization and Management	6
Rekstarreikningur / Operating Summary	8
Fornleifaskráning / Archaeological Site Survey	9
Uppgreftir / Excavations	
Skálholt	22
Gásir	24
Reykholt	26
Þingminjarannsóknir / Iron Age Assemblies	28
Kumlarannsóknir / Iron Age Burials	29
Vatnsfjörður	30
Sveigakot	33
Reykjavíkurbær / Reykjavík Harbour	39
Möðruvellir í Hörgárdal	41
Hofstaðir í Þorskafirði	43
Litlu-Núpar	45
Glerá	46
Leirvogstunga í Mosfellsbæ	47
Útskálar í Garði	48
Hásteinsvegur 8, Stokkseyri	49
Högnastaðir á Flúðum	50
Arnórsstaðamúli	51
Ráeyri í Skútudal	52
Önnur verkefni / Other Projects	
Forn garðlög í S-Þingeyjarsýslu / A System of Earthworks in NE Iceland	54
Heilsufarssaga Íslendinga frá landnámi til 18. aldar / The palaeopathology of Iceland	56
Landnám Íslands: rannsókn á strontíumsamsætum í mannabeinum / The Settlement of Iceland: the analysis of strontium isotopes in human remains	58
Landsháttafornleifafræði: Áhrif eldsumbrota á búsetu í S-Þingeyjarsýslu / Landscape archaeology research: volcanic landscapes in Suður-Þingeyjarsýsla	60
Menningarlandslag kortlagt í Somerset, Englandi / Characterising the medieval landscape of Somerset, England	62
ARCHAEOLOGIA ISLANDICA	58
Fornleifaskólinn 10 ára / Archaeological Field School Enters its Tenth Year	64
Hið þingeyyska fornleifafélag / The Archaeology Society of Þingeyjarsýsla	68
Starfsfólk / Staff	69
Samstarfsaðilar / Collaborators	76
Helstu viðskiptavinir / Clients and contractors	77
Stuðningur og styrkir / Grant-funding bodies and sponsors	78
Skýrslur Fornleifastofnunar Íslands / FSI Reports 2006	79
Erindi / Meetings and Conferences 2006	81

2006 var ellefta starfsár Fornleifastofnunar Íslands. Um langan aldur hafa fornleifar og fornleifafræði vakið forvitni fólks, en á rúmum áratug höfum við, sem göngum daglega til starfa á þessum vettvangi, orðið vör við stigvaxandi áhuga almennings. Í hugum margra eru minjar úr fortíð sveipaðar ævintýraljóma. Fornleifafræðin hefur það hlutverk að reyna að svipta hulunni af minjunum, glæða nýjan skilning á gildi þeirra og samhengi og bæta við orði hér og þar í sögu mannsins. Fjöldi starfa á sviði fornleifafræði hefur margfaldast á nýrri öld, og þau spanna fleiri svið en áður. Þrátt fyrir vaxandi sérhæfingu hefur áhugi almennings ekki minnkað, heldur er vandlega fylgst með hverskyns vísindalegum viðburðum, jafnvel þótt hnotið verði um framandi orð eða ný og torskilin sannindi á borð við strontíumsamsætur í mannabeinum sem varpað geta ljósi á uppruna landnámsmanna. Meðal annarra skemmtilegra nýjunga á árinu sem var að líða er einmitt fyrsta vefútgáfa orðasafns í fornleifafræði, en því er ætlað að ná utan um og þróa fagmál og orðtak

á þessu sviði. Fornleifafræðin nær nú til allra alda Íslandsbyggðar og á árinu voru t.d. gerðar rannsóknir á mannvistarleifum frá 19. og 20. öld við hafnarbakkann í Reykjavík. Lækurinn svonefndi kom í ljós við uppgröft í Lækjargötu. Nýminjar vekja loks verðskuldaða athygli, en einnig hefur gamla landnámsbýlið við Aðalstræti í Reykjavík, sem grafið var upp í upphafi aldarinnar, vakið hrifningu og hlutu þeir sem hönnuðu sýninguna kringum minjarnar sérstök verðlaun fyrir stafræna miðlun.

Fornleifafræðingar láta sér ekki nægja að rannsaka minjar með grefti, liggjandi á hnjúnum með mold á nefbroddinum, heldur hefja þeir sig nú til flugs og mynda sem óðast minjastaðina úr lofti. Á Íslandi eru ákjósanleg skilyrði til slíkrar fjarkönnunar úr lofti og opnar hún nýja möguleika til rannsókna á minjum og staðháttum. Sú þjóðlega og hefðbundna mynd sem við höfum haft af fornminjum á Þingvöllum við Öxará er smátt og smátt að breytast. Tóftir þar eru langtum fleiri en áður var talið. Við Brennugjá er dularfullur, manngerður hóll, með dýrabeinum

In the Labyrinth of Time

2006 was the 11th year of operation of the Institute of Archaeology in Iceland. From the beginning of time remains from the past have aroused people's curiosity but, for those of us who have been busy working in this field for the past decade, it is noticeable that the interest of the general public is still increasing. For many, archaeological remains are wrapped in mystery and adventure. The role of the scientific discipline of archaeology is to unveil the meaning, nature and importance of these relics, adding to or reviewing our view of the human history. From the beginning of the present century, many new jobs in archaeology have been created, spanning a much wider scope of specialised fields than before. Yet, despite increased specialisation, the general public maintains its enthusiasm, and follows up the latest scientific events, despite the occasional, unfamiliar neologism or the obscurity of the new techniques, such as strontium isotopes in human bones and their potential for throwing light on the origins of the settlers of Iceland during the Iron Age. Amongst the various innovations of 2006 is the first ever dictionary of Icelandic archaeology, which is in-

tended to help develop and improve the expanding vocabulary of the profession. Archaeological research in Iceland has finally expanded to embrace all periods of Icelandic history. In 2006, excavations were carried out by the old harbour in the centre, revealing occupational material from the 19th and early 20th centuries. At last, not only is the "modern" past receiving attention, but also the very early settlement site of Reykjavík Farm, which the Institute excavated at the turn of the century has now become a much visited attraction in the city centre.

Aerial photography is also becoming one of the fastest growing branches in Icelandic archaeology. The working conditions are exceptional, not only because the ground is for the most part not covered by forests or urban development, but also, because of the ideal, low-angled sunlight, which produces contrasting shadows of buried, archaeological features.

The traditional and national idea and image of the great general assembly site, Þingvellir, is now changing. Excavations and survey have revealed a number of previously unknown re-

og silfurpeningum frá 11. öld. Lögberg, sem einu sinni var glatað, en fræðimenn fundu á síðustu öld, er líklega týnt enn og aftur. Kaupmannabúðir frá miðöldum blasa nú við á Gásum við Eyjafjörð. Þegar iðgrænu túninu í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp var flett ofan af moldinni kom í ljós fjöldi óþekkra víkingaaldarhúsa. Einna mikilfenglegast af allri þessari dýrð er þó að sjá hlaðna steinveggi þorpsins í Skálholti rísa á ný úr hjúpi liðins tíma. Fyrir þann sem reikar þar um er sem gengið sé inn í framandi völundarhús, og ekki sjálfgefið að rata rétta leið.

Adolf Friðriksson, forstöðumaður



Rústirnar í Skálholti.

The ruins at Skálholt.

mains, including house structures of temporary dwellings, and an artificial mound, containing an unusual assemblage of animal bones and silver coins from the 11th century. Merchants' huts in the medieval trading centre of Gásir, N-Iceland have also been uncovered, and in Vatnsfjörður, NW-Iceland, a whole cluster of Viking-Age house is now under excavation. Of all these sites, however, the ruins of the bishopric at Skálholt, S-Iceland, offer without doubt the most impressive scenery from the past. Like an endless labyrinth, the surviving stone walls of halls and corridors in Skálholt are rising from the depths of time.

Adolf Friðriksson, Director



Hæðamælingar á Gásum.

Taking levels at Gásir.

Hlutverk Fornleifastofnunar

Fornleifastofnun Íslands er sjálfseignarstofnun og starfar eftir staðfestri skipulagsskrá (Stj.tíð. 1995, B 62-65, nr. 396) samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir nr. 19/1988. Var skráin staðfest af hálfu dómsmálaráðuneytisins þann 7. júlí 1995. Hófst þar með formleg starfsemi stofnunarinnar, en hún tók jafnframt yfir margvíslegt rannsóknarstarf sem unnið hafði verið af aðstandendum hennar allt frá árinu 1989. Tilgangur stofnunarinnar er að efla rannsóknir og útgáfustarfsemi á sviði fornleifafræði og skyldra greina. Sérstök áhersla hefur verið lögð á uppbyggingarstarf, og hafa starfsmenn stofnunarinnar komið víða við, s.s. við endurskoðun þjóðminjalaga og endurskipulag þjóðminjavörslu, þróun og umbætur á aðferðafræði við fornleifaskráningu, uppgröft, umhverfismat og gagnasýslu. Einnig hefur verið lögð áhersla á þátt fornvistfræða við fornleifarannsóknir, og fjölþætt samstarf við innlenda og erlenda aðila. Stofnunin rekur safn rannsóknargagna og upplýsinga um íslenskar fornleifar (Ísleif) og gefur út alþjóðlegt tímarit um íslenskar

fornleifar og skylt efni, *ARCHAEOLOGIA ISLANDICA*. Stofnunin hefur unnið við margvísleg fræðsluverkefni, veitir námsstyrki og tækifæri til starfsnáms, og á hennar vegum starfar Fornleifaskólinn, sem veitir ungu vísindafólki þjálfun í vettvangsrannsóknum.

Stjórn

Í stjórn stofnunarinnar sitja Adolf Friðriksson formaður, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Orri Vésteinsson og Mjöll Snæsdóttir. Stjórnin hélt þrjá fundi á árinu þar sem rætt var um stöðu stofnunarinnar og framtíð. Lagðir voru fram ársreikningar og þeir samþykktir.

Starfslið

Árið 2006 voru 20 starfsmenn í föstu starfsliði Fornleifastofnunar: Adolf Friðriksson, Andrea Harðardóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Howell Roberts, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred, Ólöf

Organization and Management

The Role of the Institute

Fornleifastofnun Íslands is an independent charity governed by statutes (Stj.tíð. 1995, B 62-65, nr. 396) in accordance with the Funds and Institutions Act no. 19/1988. These statutes were confirmed by the Ministry of Justice on 7 July 1995. That year, activities started formally; however the FSI took over various research activities run by the founders of the institute since 1989. The aim of the institute is to increase research and publication in archaeology. Particular emphasis is placed on development and improvement of the working environment of archaeologists in Iceland, such as methodological development, survey, excavation, environmental assessment and data management. The FSI has also emphasised international cooperation. The FSI maintains a large database of archaeological sites in Iceland (ISLEIF) and publishes an international journal (*ARCHAEOLOGIA ISLANDICA*). The FSI also runs an international field school every summer.

Board of directors

On the board of directors are Adolf Friðriksson (Chairman), Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Mjöll Snæsdóttir and Orri Vésteinsson. The Board held three meetings during 2006, discussing the current position of the Institute and future development. The annual accounts were presented and accepted.

Staff

In 2006 there were 20 permanent members of staff: Adolf Friðriksson, Andrea Harðardóttir, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Garðar Guðmundsson, Gavin Lucas, Guðrún Alda Gísladóttir, Howell Roberts, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Oscar Aldred, Ólöf Þorsteinsdóttir, Rúnar Leifsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir and Uggi Ævarsson. Of these, eleven worked full-time, others part-time.

In addition, the following worked short-term on surveys, excavation or other projects: Colleen Batey, Astrid Daxböck, Louise Felding, Andrew

Þorsteinsdóttir, Rúnar Leifsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson. Voru ellefu einstaklingar í fullu starfi en aðrir í hlutastörfum.

Auk þeirra unnu við fornleifaskráningu, fornleifauppgröft og önnur verkefni: Colleen Batey, Astrid Daxböck, Louise Felding, Andrew F. Hall, Ágústa Edwald, Ármann Guðmundsson, Berglind Prunner, Bjarki Borgþórsson, Eric Anderson De Assis Bruno, Marta Dulunicz, Elín Bjarnadóttir, Ramona Harrison, Hákon Jensson, Candice Keziah Hatherley, Hildur Gestsdóttir, Hrönn Konráðsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson, Ruth Maher, Karen Milek, Freya Sadarangani, Sigrún Inga Garðarsdóttir, Óskar Leifur Arnarson, Óskar G. Sveinbjarnarson, Konrad Smiarowski, Jonas Secher Schmidt, James Stuart Taylor, Vala Björg Garðarsdóttir, Jeanette Wooding og Davide Marco Zori. Adolf Friðriksson er forstöðumaður stofnunarinnar. Howell Magnús Roberts deildarstjóri uppgraftardeildar, Elín Ósk Hreiðarsdóttir deildarstjóri fornleifaskráningar, Ólöf Þorsteins-

dóttir skrifstofustjóri og Andrea Harðardóttir er verkefnastjóri Fornleifastofnunar á Ísafirði. Alls störfuðu 48 launþegar á árinu, í 19 stöðugildum.




F. Hall, Ágústa Edwald, Ármann Guðmundsson, Berglind Prunner, Bjarki Borgþórsson, Eric Anderson De Assis Bruno, Marta Dulunicz, Elín Bjarnadóttir, Ramona Harrison, Hákon Jensson, Candice Keziah Hatherley, Hildur Gestsdóttir, Hrönn Konráðsdóttir, Magnús Á Sigurgeirsson, Ruth Maher, Karen Milek, Freya Sadarangani, Sigrún Inga Garðarsdóttir, Óskar Leifur Arnarson, Óskar G. Sveinbjarnarson, Konrad Smiarowski, Jonas Secher Schmidt, James Stuart Taylor, Vala Björg Garðarsdóttir, Jeanette Wooding and Davide Marco Zori. The director of the institute is Adolf Friðriksson. Howell Magnus Roberts is head of department of excavation, Elín Ósk Hreiðarsdóttir is head of survey, Ólöf Þorsteinsdóttir is head secretary and Andrea Harðardóttir is part-time project manager of Fornleifastofnun in Ísafjörður. In total, forty-eight individuals were employed occupying nineteen positions.

Hildur Gestsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir og Rúnar Leifsson ræða málin.

Hildur Gestsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir and Rúnar Leifsson chatting.


Rekstrarreikningur

	2006	2005	Breyting (%)
Tekjur í þús. kr.			
Seld þjónusta	44,591	33,741	32.2
Aðrar tekjur	50,142	53,437	6.2
Heildartekjur	94,733	87,178	8.7
Gjöld í þús. kr.			
Ársverk	19	18	5.6
Launagjöld	60,163	53,533	12.4
Rekstrargjöld	35,413	32,121	10.2
Fjárfestingar	356	4,896	-92.7
Heildargjöld	95,931	90,550	6
Afkoma ársins	-1,198	-3,372	
Seld þjónusta	44,591	33,741	33.4
Erlendir styrkir	1,534	2,286	-32.9
Innlendir styrkir	48,608	51,151	-5
Heildartekjur	94,733	87,178	8.7



Operating Summary

	2006	2005	Changes (%)
Income in Ikr. 1000			
Contracted services	44,591	33,741	32.2
Other income	50,142	53,437	6.2
Total income	94,733	87,178	8.7
Expenditure in Ikr. 1000			
Person-years	19	18	5.6
Staff	60,163	53,533	12.4
Operational costs	35,413	32,121	10.2
Investments	356	4,896	-92.7
Total Expenditure	95,931	90,550	6
Surplus of income over expenditure	-1,198	-3,372	
Sold services	44,591	33,741	33.4
Foreign Grants	1,534	2,286	-32.9
Icelandic Grants	48,608	51,151	-5
Total income	94,733	87,178	8.7



Fornleifastofnun Íslands hefur frá árinu 1993 skráð fornleifar víðsvegar um Ísland. Jafnhliða skráningu hefur jafnt og þétt verið unnið að því að bæta skráningarkerfið, geymslu og miðlun gagnanna.

Fornleifaskráningu er skipt í svæðis-, aðal- og deiliskráningu.

Svæðisskráning

Svæðisskráning er heimildaúttekt þar sem leitast er við að taka saman tiltækar upplýsingar um fornleifar á ákveðnu svæði, oftast í heilum sveitarfélögum. Við svæðisskráningu eru tekin saman gögn, annarsvegar um þekktar fornleifar og hinsvegar um atriði sem geta gefið vísbendingar um staðsetningu og eðli fornleifa. Á þeim grunni er lagt mat á fjölda, dreifingu og eðli menningarmínja á viðkomandi svæði og gerðar tillögur um verndun, nýtingu og frekari athuganir. Yfirleitt er lagt til að heilir hreppar, héruð eða sýslur sameinist um að láta gera svæðisskráningu enda er það hagkvæmasta leiðin til að fá yfirlit um menningarmínjar og afla þeirra heimilda

sem nauðsynlegar eru við aðalskráningu eða vettvangsvinnu. Niðurstaða svæðisskráningar er annarsvegar skýrsla með heildarmati á menningarmínjum á athugunarsvæðinu og hinsvegar gagnagrunnur yfir allar þær upplýsingar sem safnað hefur verið og aðalskráning mun síðan byggjast á.

Aðalskráning

Í aðalskráningu eru fornleifar skráðar á vettvangi. Skráningin byggist á svæðisskráningunni en felst í vettvangsvinnu og miðar fyrst og fremst að því að staðsetja og kortleggja fornleifar. Þá er farið á vettvang, viðtöl tekin við staðkunnuga og gengið á alla minjastaði, þeir skoðaðir og staðsettir á korti. Tóftir eru teiknaðar upp og ljósmyndaðar. Á grunni þessara upplýsinga er síðan rituð skýrsla þar sem gerð er grein fyrir sögu mannvistar og búskapar á viðkomandi svæði, lýst einkennum menningarmínja og gerðar tillögur um verndun og kynningu. Markmið aðalskráningar eru þau sömu og svæðisskráningar en niðurstöður verða mun markvissari á grunni fleiri og nákvæmari gagna.

Archaeological Site Survey

The Institute of Archaeology began archaeological site surveying in 1993. Since then, the Institute has worked to improve the methods of surveying and the storage and communication of the data. The Institute of Archaeology conducts site survey in the following three stages that match with the three stages of the planning process as it is carried out in Iceland: regional, field and intensive surveys.

Regional survey

In a regional survey (svæðisskráning), all available documentary evidence on archaeological sites is assembled and analyzed. A regional survey describes known archaeological sites and evaluates the number, types and condition of archaeological sites in the area examined.

The results of regional surveys are presented in two forms:

1 A report containing a desktop assessment of the archaeological sites in the entire area with recommendations of ways to protect and promote them as well as direction for further re-

search.

2 A computerised database containing details of all sites in the area, upon which the next field stage of survey will be built.

Field survey

A field survey (aðalskráning) expands on a regional survey by visiting all the sites, and making descriptions and illustrations of each.


Before going into the field, the surveyors interview local people in the area in order to gather information about sites which are not mentioned in documents. In the field survey all sites are visited and mapped and all the ruins photographed and drawn. A field survey report includes an overview of the history of settlement and agriculture in the area as well as a description of the common characteristics of the area's sites. Further suggestions are also made about ways to protect and promote especially interesting sites. The general aims of field surveying are the same as regional surveys, but the results are more precise due to thorough field research.

Deiliskráning

Við deiliskráningu er gerð nákvæmari rannsókn og/eða uppmæling á einstökum minjastöðum á litlu svæði, t.d. þar sem leggja þarf mat á hvort fjarlægja á fornleifar með uppgreiftri eða þar sem nýta á minjastaði fyrir útivist. Ólíkt svæðis- og aðalskráningu fornleifa er ekki gert ráð fyrir að deiliskráning verði gerð á öllum minjastöðum. Deiliskráning er fyrst og fremst gerð þar sem verið er að vinna deiliskipulag.

Markmið deiliskráningar er að fá nákvæma yfirsýn yfir minjar á litlum, afmörkuðum svæðum.

Status of field survey, December 2006



Intensive survey

An intensive survey (deiliskráning) is a more thorough research project, sometimes with more detailed mapping. Unlike regional and field surveys, intensive surveys are conducted when a more thorough analysis is needed to facilitate decisions on land use, usually as a condition of planning consent where a planning permission has already been sought. The aim of intensive survey is primarily to obtain an overview which is as complete and precise as possible of all sites in a small, defined area.

Documentary survey 2006

In the year 2006 there were approximately 6500 sites included in a documentary survey and reg-

Svæðisskráning 2006

Árið 2006 voru svæðisskráðar um 6500 fornleifar í Ísleifu, gagnagrunn Fornleifastofnunar. Í árslok 2005 veitti Impra, nýsköpunarmiðstöð löntækni-stofnunar, Fornleifastofnun Íslands, styrk til verkefnisins „Þjóðmenning í þágu atvinnusköpunar“ fyrir árið 2006. Verkefnið er liður í Átaki til atvinnusköpunar sem Impra stendur fyrir, og er það fólgið í grunnskráningu fornleifa í fámennum og félitlum sveitarfélögum. Í tengslum við verkefnið voru svæðisskráðar fornleifar í Mjóafjarðarhreppi í S-Múlasýslu, Svalbarðshreppi í Þistilfirði, Saurbæjarhreppi í Dalasýslu og gamla Kleifarhreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Auk þessara

hreppa var sveitarfélagið Vogar skráð í heild sinni. Á árinu stóð Fornleifastofnun fyrir því að skrá inn í Ísleifu grunnupplýsingar um allar þær jarðir sem voru lögbýli um miðja 19. öld. Þar með er fyrsta hluta jarðaskráningar fyrir allt landið lokið í gagnagrunninn en ennþá er eftir mikið verk við að safna heimildum fyrir fornleifar á stórum hluta landsins.

istered in Ísleif, the sites and monuments database of the Institute of Archaeology. In late 2005 IMPRA the innovation center sponsored a documentary survey project in several areas. As part of this a documentary survey was conducted in S-Múlasýsla, Svalbarðshreppur in Þistilfjörður, Saurbæjarhreppur in Dalasýsla and Kleifarhreppur in V Skaftafellssýsla. Furthermore, a survey was made for the community of Vogar, close to Reykjavík. In 2006 the Institute gathered basic information for all farms that were inhabited in the mid-19th century. Thus, a basic farm survey for the whole of Iceland has been compiled for the database. Much work still remains in the field of documentary survey in large parts of the country.

Besides this, additional documentary surveys were conducted on farms and in connection with smaller projects:

Leirvogstunga in Mosfellsbær, near Reykjavík
Kílhraun in Skeiðahreppur, SW Iceland

Auk stærri svæðisskráningarverkefna var gerð svæðisskráning fyrir eftirtalda bæi í tengslum við minni verkefni:

- Leirvogstunga í Mosfellsbæ
- Kílhraun í Skeiðahreppi
- Réttarholt í Gnúpverjahreppi
- Laugardæli í Hraungerðishreppi

Í árslok 2006 voru rúmlega 77.000 svæðisskráðar fornleifar í gagnagrunni Fornleifastofnunar.

Starfsmenn sem unnu að svæðisskráningu á árinu voru: Andrea Harðardóttir, Birna Lárudóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hákon Jenson, Orri Vésteinsson, Sigrún Inga Garðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Sædís Gunnarsdóttir.

Aðalskráning 2006

Aðalskráningu á stærri svæðum, s.s. heilum hreppum, er gjarnan skipt niður í nokkra áfanga og unnin á nokkrum árum. Árið 2006 voru aðalskráðir um 2450 minjastaðir.

Haldið var áfram með fjögur aðalskráningarverkefni frá fyrri árum, í Kelduneshreppi, Hörgár-

byggð, Siglufirði og Þegjandadal og var skráningu lokið á þremur síðastnefndu stöðunum. Auk þessara verkefna var hafin aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra, Ásahreppi og Arnarneshreppi. Aðalskráning Garðabæjar var einnig unnin á árinu og lauk henni í árslok. Auk stærri skráningarverkefna var lokið aðalskráningu fornleifa á Þeistareykjum.

Eftirtaldir unnu að aðalskráningu á árinu: Birna Lárudóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Rúnar Leifsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson. Stærstu aðalskráningarverkefni ársins 2006 voru þessi:



Bæjarhóllinn á Ásgerðarstöðum í Hörgárdal. Bærinn fór í eyði 1979.

Farm mound at Ásgerðarstaðir, Hörgárdalur, deserted since 1979.

Réttarholt in Gnúpverjahreppur, SW Iceland
Laugardælir í Hraungerðishreppi, SW Iceland

By the end of 2006 just over 77,000 sites had been the subject of documentary surveys in the ISLEIF database.

Field survey 2006

Field surveys of large areas are often divided into several stages and conducted over a few seasons. In 2006 approximately 2,450 sites were surveyed in the field. Four projects from previous years were continued: in Kelduneshreppur, Hörgárbyggð, Siglufjörður and in the deserted valley of Þegjandadalur. In the last two, the surveys were completed. Additionally, regional surveys were started in Rangárþing, Ásahreppur and Arnarneshreppur. A survey in Garðabær (Reykjavík area) was also completed by the end of the year. The highland area of Þeistareykir, NE-Iceland, was also surveyed in the field. The following people were involved in field surveys during the year: Birna Lárudóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Rúnar Leifsson,

Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck and Stefán Ólafsson. Details of the year's largest field survey projects are given below:

Hörgárbyggð

In 2001 the community of Hörgárbyggð was formed from the recent amalgamation of three parishes: Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur and Skriðuhreppur. Prior to their unification, the Institute of Archaeology had completed field survey in one parish, Glæsibæjarhreppur. Following the creation of the new community it

Hörgárbyggð

Í ársbyrjun 2001 varð sveitarfélagið Hörgárbyggð til úr þremur sveitarfélögum þegar Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur og Skriðuhreppur voru sameinaðir. Áður en að sameiningu kom hafði Fornleifastofnun lokið aðalskráningu í Glæsibæjarhreppi en á árunum 2004-2006 voru skráðar á vettvangi þær fornleifar sem eftir stóðu, í fyrrverandi Öxnadalshreppi og Skriðuhreppi.

Sumarið 2006 fór fram þriðji og síðasti áfangi aðalskráningar í Hörgárbyggð. Hafist var handa þar sem frá var horfið 2005, í botni Hörgárdals þar sem jarðirnar Ásgerðarstaðir, Ásgerðarstaðasel, Flögusel og Framland voru skráðar ásamt afréttarlandi. Að auki var Öxnadalur skráður að sýslumörkum, frá Syðri-Bægisá að austan en frá Þverbrekku að vestan. Lokið var skráningu á 21 jörð auk afréttar og samtals voru, sumar og haust 2006, skráðar um 340 fornleifar.

Stærstur hluti þess svæðis sem skráður var



Réttartóft ofan við Litla-Dunhaga í Arnarneshreppi.

A sheepfold ruin in Arnarneshreppur.

was decided to extend the survey into the two other parishes.

In 2006 the final part of the survey was carried out. The lowland areas of Hörgárdalur were surveyed along with the highland pasture and a part of Öxnadalur. Twenty-one farms were surveyed and a total of 340 archaeological sites examined. Most of this area is deserted and therefore the archaeology is better preserved than in areas still inhabited. Öxnadalur holds a number of abandoned farmsteads with farm and out-house ruins, homefield boundaries and various ruins in the outfield areas. These deserted farms

sumarið 2006 er eyðibbyggð og eins og gjarnan er raunin var hlutfall sýnilegra minjastaða hærra en á jörðum þar sem enn er búið. Víða á svæðinu voru skráðar mjög heillegar minjar innantúns jafnt sem utan. Í Öxnadal er fjöldi heillegra bæjarstaða með bæja- og útihúsatóftum auk túngarða og fjölda minja í úthögum. Eyðibbyggðin í Hörgárbyggð er án efa sá flokkur minja sem hvað forvitnilegastur er á svæðinu. Eyðijarðirnar hafa flestar verið merktar með skiltum við Þjóðveg nr. 1 til að vekja athygli á þeim og vel má hugsa sér að í framtíðinni verði eyðibbyggðin kynnt betur með ítarlegri upplýsingum og stígum, enda um sérlega skemmtilega og aðgengilega minjastaði að ræða.

Skrásetjarar: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson.

Arnarneshreppur

Sumarið 2006 var skráður fyrri áfangi af tveimur í Arnarneshreppi. Hafist var handa við skráninguna syðst í hreppnum og samtals skráðar um 180 fornleifar á 12 jörðum. Með aðalskráningu má segja að Arnarneshreppur hafi hafið aðra umferð fornleifaskráningar þar sem grunnskrán-

are, without doubt, among the most interesting sites in the area. Most have been marked by the county with a sign next to route no. 1. In the future it would be appropriate to publicize them further with more detailed information and trails as they are of great cultural value and easily accessible.

Surveyors: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck and Stefán Ólafsson.

Arnarneshreppur

In 2006 the first half of a project in Arnarneshreppur, N-Iceland, was started. A total of 180 sites in 12 farms were surveyed. This is the second stage of archaeological survey in the area, an unusual state of affairs in Iceland. An earlier survey was carried out by the National Museum in the early nineties; however, at that time only selected sites were surveyed, GPS technology was not in public use and ruins were not mapped accurately. Thus this older survey did not meet today's standards and the community decided to re-examine the area. Documentary survey, interviews and field sur-

ing var gerð í hreppnum af Þjóðminjasafni Íslands snemma á 9. áratugnum, en síðan þá hefur aðferðum og tækni fleygt fram. Sú skráning taldist því ekki fullnægjandi miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag og ákvað sveitarfélagið að ráðast í aðalskráningu á svæðinu. Við kerfisbundna yfirferð yfir heimildir, viðtöl við heimildamenn og vettvangsgöngur hefur mikill fjöldi fornleifa bæst við fyrri skráningu.

Samanburður við eldri skráningu gerir það kleift að meta hversu mikið ástand fornleifa á þessum slóðum hefur breyst á síðustu 20-30 árum og ljóst að þónokkrir minjastaðir hafa verið eyðilagðir á þessu tímabili. Það má helst rekja til þess að enn er talsverður búskapur á svæðinu en flestar jarðirnar eru fremur landlitlar. Því hafa margar fornleifar horfið við túnrækt auk þess sem nokkur skógrækt er stunduð á svæðinu og hefur gengið nærri nokkrum minjastöðum. Jarðir utar í hreppnum, sem skráðar verða árið 2007, eru að jafnaði landmeiri en þær sem skráðar voru 2006 og því má búast við að ástand fornminja þar sé betra.

Skrásetjarar: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig

veys have increased the number of known archaeological sites greatly. However the older data allows comparison and evaluation of site condition and how it has changed over the last 20-30 years. During this period a number of sites have been destroyed, mainly because the area is still inhabited. Most of the farms own relatively little land and therefore the larger part of it has been intensively cultivated. Forestry is another threat to archaeological sites in the area. Most of the farms that remain to be surveyed further north own more land and hopefully that will result in better preservation of archaeological sites.

Surveyors: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck and Stefán Ólafsson.

Þegjandadalur

For decades both scholars and farmers in S-Þingeyjarsýsla, NE-Iceland, have been curious about Þegjandadalur, a small deserted valley stretching south from the valley of Aðaldalur. Despite only limited research having been carried out, it is known that the valley may have

Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson.

Þegjandadalur

Fræðimenn og heimamenn í Suður-Þingeyjarsýslu hafa lengi haft augastað á eyðibýggð í Þegjandadal og áhuga á því að rannsaka dalinn og þær minjar sem í honum leynast. Hugmyndir um að leggjast í ítarlega rannsókn á dalnum hafa komið upp áður en fram að þessu hefur lítið orðið úr slíkum rannsóknum. Veturinn 2004-2005 komu fram hugmyndir um að láta loks verða af skrásetningu fornleifa á Þegjandadal og þá um vorið ákvað Aðaldælahreppur að veita lítinn styrk til að koma verkefninu af stað.

Sumarið 2005 hóf Fornleifastofnun Íslands, í samstarfi við Hið Þingeyyska fornleifafélag, rannsókn á Þegjandadal. Hafist var handa á dalnum vestanverðum og samtals skráður um þriðjungur af landsvæði dalsins, að Einarstöðum. Sumarið



Bænhús og bæjarhöll ásamt fleiri minjum á Einarstöðum á Þegjandadal. Ljósmynd: Árni Einarsson.

A chapel and farm mound at Einarstaðir in Þegjandadalur. Photo: Árni Einarsson.

become deserted as early as the 15th century. In the summer of 2005 a survey project was launched by the Institute of Archaeology in cooperation with the Archaeological society in Þingeyjarsýsla and was completed in 2006. The work was carried out with the support of the local council of Aðaldælahreppur.

The survey has shown that Þegjandadalur contains exceptionally well-preserved archaeology, a total of 170 sites and presumably 8 farm-

2006 var haldið áfram með skráninguna þar sem frá var horfið og minjar skráðar í botni dalsins að vestanverðu og meðfram öllum dalnum að austan.

Þegjandadalur er um 7 km langt dalverpi sem gengur inn til suðurs frá Grenjaðarstað, milli Þorgerðarfjalls og Múlaheiðar. Samkvæmt þeim leifum sem nú má sjá á yfirborði má ætla að á dalnum hafi verið átta býli, fimm vestanmegin en þrjú að austan. Margt bendir til að byggð í dalnum hafi lagst af á 15 öld eða jafnvel fyrr. Samtals voru skráðar tæplega 170 fornleifar á dalnum. Ástand minja á dalnum er sérlega gott, sér í lagi vestanmegin þar sem umfangsmiklar leifar fimm býla, vallargarða, tófta og mikils garðakerfis eru næstum óskemmdar. Auk þessa eru heillegar leifar bænhúss og kirkjugarðs á tveimur bæjum í dalnum vestanverðum.



Rof af völdum Jökulsár á Fjöllum á Ytri-Bakka í Kelduneshreppi.

Eroded farm mound by the river Jökulsá á Fjöllum.

steads, of which two have circular features close to the farmsteads, most likely chapels with graveyards. The valley has great potential and awaits further research.

Surveyors: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck and Stefán Ólafsson.

Kelduneshreppur

In the summer of 2006 the second part of a survey in Kelduneshreppur, NE-Iceland, was undertaken. In total, 130 sites on 7 farms were surveyed, bringing the number of sites in the area to approximately 300. The project will continue

Ljóst er að dalurinn hefur að geyma mikilvægar upplýsingar um búsetulandslag á miðöldum. Mjög sjaldgæft er að finna svo heillegar minjar frá þessu skeiði.

Skrásetjarar: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson.

Kelduneshreppur

Í júní og júlí sumarið 2006 var unninn annar áfangi aðalskráningar í Kelduneshreppi. Alls voru skráðir um 130 minjastaðir á sjö jörðum og hafa þá samtals verið skráðir um 300 minjastaðir í hreppnum. Enn á eftir að skrá a.m.k. 200 fornleifar en fornleifaskráningu lýkur sumarið 2007.

Svæðið sem var skráð 2006 er töluvert ólíkt því svæði sem skráð 2005. Fyrri árið einkenndist landið af umfangsmiklu heiðarlandi en sumarið 2006 voru skráðar jarðir sem flestar lágu að sjó og mun meira flatlendi en í fyrsta áfanga skráningar. Á skráningarsvæðinu er mikið um mjög heillegar tóftir og sérstaklega athyglisverðar eru fornar leifar býlis og seltóftir með margföldum vallargörðum sem hafa varðveist vel þótt sumar séu komnar á kaf í gróður.

Skrásetjari: Stefán Ólafsson.

in 2007.

The area surveyed in 2006 was mainly lowland and partly seashore. The area contains many well-preserved ruins. The most intriguing ones are seemingly of an old farmstead and a shieling site, enclosed by double or even triple homefield boundaries. Those appear to be well-preserved but are now partly covered by thick vegetation.

Surveyor: Stefán Ólafsson

Garðabær

Early in 2006 the council of Garðabær, close to Reykjavík, asked the Institute of Archaeology to complete a field survey within the limits of the rapidly growing town. The area had been partly surveyed between 1994 and 2005 by the National Museum, the local museum in Skagafjörður and the Institute of Archaeology. However the majority of sites remained unsurveyed and a complete overview and summary was also needed. It was considered important to complete the survey as a great deal of construction is currently being undertaken in the area.

Garðabær

Á fyrri hluta árs 2006 fólu forsvarsmenn Garðabæjar Fornleifastofnun Íslands að fullvinna aðal-skráningu á fornleifum innan marka bæjarfélagsins. Þegar hafði töluvert verið skráð af fornleifum á afmörkuðum svæðum innan bæjarfélagsins á árabílinu 1994 til 2005 af Þjóðminjasafni Íslands, Byggðasafni Skagafjarðar og Fornleifastofnun Íslands. Þrátt fyrir það átti enn eftir að skrá meirihluta fornleifa í Garðabæ og reyna að ná heildarsýn yfir fjölda og eðli þeirra minja sem þegar höfðu verið skráðar. Mikilvægt þótti að ráðast í skráninguna því að miklar framkvæmdir, m.a. við nýbyggingar, eiga sér nú stað í Garðabæ. Bæjarlandið nær yfir 19 jarðir og hjáleigur, sem og úthaga Garðakirkjulands. Vettvangsvinnan var að mestu unnin í maí, október og desember.

Reikna má með að alls séu um 640 minjastaðir í landi Garðabæjar. Þegar Fornleifastofnun hófst handa við skráningu 2006 var skráningu þegar lokið á um 260 fornleifum. Eftir stóðu um 380 minjastaðir sem voru skráðir á árinu. Sökum þéttbýlis er nokkur hluti fornleifa horfinn undir

The town encroaches upon the land of 19 farms, cottages and pastureland which belonged to the church in Garðar. When the field survey was completed, a total of 640 sites had been surveyed within the limits of Garðabær. Whilst many of the sites have been destroyed by buildings and road construction over the last few decades, good preservation was also seen outside of the main residential focus. In the future it should be relatively easy for the council to incorporate archaeological sites into plans for development.

Surveyors: Rúnar Leifsson and Sólveig Guðmundsdóttir Beck

Siglufjörður

In 2006, a field survey for Siglufjarðarkaupstaður, N-Iceland, was completed. Nearly 300 sites were surveyed, both in the valley just south of the town of Siglufjörður as well as in the remote area of Hvanndalir, an isolated valley which has been deserted for more than a century. In total, nearly 700 sites have been surveyed in the area on 25 farms. The preservation of sites is varied.

byggð og vegi. Sérstaklega á þetta við um fornleifar innan jarðanna Arnarness, Hofstaða og Hagakots, sem og að nokkru leyti í Hraunsholti, en þéttbýli er mest innan þessara jarða. Þrátt fyrir þetta eru enn fjölmargir minjastaðir innan bæjarmarkanna óskemmdir, sérstaklega í Garðahverfi, Garðakirkjulandi, Urriðakoti, Setbergi og á Vífilstöðum, þar sem enn má finna vel varðveittar fornleifar.

Skrásetjarar: Rúnar Leifsson og Sólveig Guðmundsdóttir Beck.



Dýrtíðarvinnuvegur í landi Hagakots, hlaðinn 1918 undir járnbraut en aldrei kláraður.

A stonebuilt road from 1918 in Hafnarfjörður. It was meant for a railway but never finished.

The town of Siglufjörður is built on the land of two farms, Hvanneyri and Höfn, and little archaeology can be seen on the surface in that area. On the other hand, some of the farms in the easternmost part of the area, Héðinsfjörður and Hvanndalir, were deserted before mechanised agriculture and thus have not been affected by modern methods in cultivation and construction. Siglunes holds remarkable remains of fishing booths and it is considered to have been an important fishing site. Those ruins are now endangered by marine erosion and will in all likelihood disappear within decades.

Surveyors: Birna Lárusdóttir and Sigríður Þorgeirsdóttir.

Siglufjörður

Sumarið 2006 lauk aðalskráningu fornleifa í Hvanneyrarhreppi hinum forna, nú Siglufjarðar-kaupstað, en hann nær frá Úlfisdölum vestan Siglufjarðarbæjar og austur fyrir Héðinsfjörð, í Hvanndali. Alls voru skráðar hátt í 300 minjar á jörðum í Hólsdal, á Siglunesi, Reyðará og í Hvanndölum sem hafa sennilega verið meðal afskekktustu byggða hér á landi, umluktir háum fjöllum með snarbratta hamra niður að sjó. Þá hafa alls verið skráðir hátt í 700 minjastaðir á 25 jörðum í hreppnum.

Ástand minja reyndist mjög misjafnt. Þéttbýli er mikið í landi Hvanneyrar og Hafnar, þar sem Siglufjarðarbær stendur nú, og lítið um sjáanlega minjastaði á yfirborði. Nokkrar jarðir í austanverðum hreppnum fóru á hinn bóginn í eyði áður en vélvæðing hófst, t.d. bæir í Héðinsfirði og Hvanndölum og hefur nánast engu verið raskað á þessum stöðum síðan síðustu íbúarnir sigldu brott. Á Siglunesi eru einnig merkar minjar um sjósókn, enda er talið að þar hafi verið stærsta útver í Eyjafjarðarsýslu. Þær eru nú í mikilli hættu vegna sjávarrofs og er

fyrirsjáanlegt að þær hverfi með öllu innan fárra áratuga.

Skrásetjarar: Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir.

Rangárþing ytra

Rangárþing ytra er sameinað sveitarfélag Rangárvallahrepps, Djúpárhrepps og Holta- og Landsveitar. Sumarið 2006 hófst Fornleifastofnun Íslands handa við fyrsta áfanga aðalskráningar í sveitarfélaginu. Samtals er áætlað að um 4000 fornleifar leynist í sveitarfélaginu á 148 jörðum og er áætlað að skráningu þess ljúki sumarið 2014.

Skráningin sumarið 2006 fór fram í síðari hluta júlímánaðar og fram í september. Þá voru skráðar rúmlega 500 fornleifar á 14 jörðum. Voru þetta jarðirnar Reyðarvatn, Steinkross, Kot, Dagverðarnes, Selsund, Haukadalur, Bolholt, Næfurholt, Háls, Svínhagi, Kaldbakur, Þingskálar, Heiði og Mörk.

Uppblástur hefur herjað mjög á svæðið sem skráð var sumarið 2006 og hefur hann sett sitt mark á bæði varðveislu minja og búsetulandslag.



Bæjarstæðið í Hvanndölum, slysavarnarskýli til vinstri.

Farm ruins in Hvanndalir, a rescue hut to the left.

Rangárþing ytra

Rangárþing ytra is a large community in S-Iceland, formed by the amalgamation of Rangárvallahreppur, Djúpárhreppur and Holta- and Landsveit. In 2006, an extensive survey project was launched in the area. It has been estimated that it holds roughly 4,000 archaeological sites on 148 farms. The project will take place over the next eight years. In this first phase, approximately 500 sites on 14 farms were surveyed. The area has been heavily eroded throughout the centuries and this has greatly affected both the preservation of archaeology and the cultural landscape itself. The farmstead of Heiði is a good example, having been moved at least five times because of erosion. In the most heavily eroded areas archaeology is often practically invisible although occasional rows of stones can be detected in the ground and a few sand-covered mounds are present which might hold well-protected cultural layers.

As in most areas in Iceland, the local inhabitants have used the most accessible building material, and in this case rocks are more frequently

Til dæmis hefur talsvert verið um að bæjarstæði hafi ítrekað verið færð til í aldanna rás sökum uppblásturs. Bærinn Heiði er gott dæmi um þetta en þar hefur bæjarstæðið verið flutt til fimm sinnum sökum uppblásturs. Þar sem uppblásturinn hefur verið hvað mestur er gjarnan lítið eftir af sýnilegum minjum þótt víða megi greina einfaldar steinaraðir og uppsafnaða rústahóla sem vafalaust geyma mannvistarleifar.

Eins og víðast hvar í íslenskum sveitum hafa menn nýtt sér það byggingarefni sem tiltækt var og á svæðinu er mikið af grjóti sem hentar þrýðisvel í vegghleðslur. Því er hlutfall grjóts sem byggingarefni í tóftum nokkuð hátt og algengt að finna grjóthlaðnar tóftir, t.d. fjárskýli og garða.

Skrásetjarar: Rúnar Leifsson og Sigríður Þorgeirsdóttir.

Ásahreppur

Í ársbyrjun 2006 gerðu Fornleifastofnun Íslands og Ásahreppur með sér samning um aðal-skráningu fornleifa í hreppnum á næstu þremur árum. Sumarið 2006 hófst fyrsti áfangi verksins

en áætlað er að ljúka skráningu í hreppnum sumarið 2007 og á Holtamannafrétti 2008.

Skráningin 2006 var gerð í síðari hluta ágúst-mánaðar og fram í september. Skráður var svo til allur suðvesturhluti hreppsins á austurbakka Þjórsár norðan við Hrútsvatn og Safamýri. Samtals voru skráðar um 15 jarðir: Ás, Ásmúli, Framnes, Vesturkot, Norðurkot, Hellnatún, Ásmundarstaðir, Sel, Áshóll, Berustaðir, Efri Hamrar, Hárlaugstaðir, Húsar, Hamar (syðri) og Hamrahóll. Af þessum 15 jörðum eru nú 3 farnar í eyði: Norðurkot, Efri Hamrar og Húsar. Á svæðinu reyndust vera um 300 fornleifar.

Svæðið sem skráð var sumarið 2006 er víðáttu-mikið, flatlent mýrlendi en þó standa flestir bæirnir á þurrendum hæðum og klettabeltum sem rísa upp úr mýrinni. Mikið er um manngerða hella á svæðinu sem höggurnir hafa verið í mjúkan sandstein og jökulberg, þá sérstaklega í Hellnatúni, á Berustöðum og Ási. Ástand minja á svæðinu var nokkuð gott og tengjast flestar minjanna landbúnaði.

Skrásetjarar: Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson.

employed than turf. It is not uncommon to find well-preserved ruins built entirely of stone.

Surveyors: Rúnar Leifsson and Sigríður Þorgeirsdóttir.

Ásahreppur

In the beginning of 2006 a contract was signed on a three-year survey project in Ásahreppur, S-Iceland. The field work started in the SW part of the area where just over 300 archaeological sites on 15 farms were surveyed, of which 3 are currently deserted. The area is flat and relatively marshy but most of the farms are located on hills and dry locations above the wetlands. The area is characterized by a number of man-made caves that have been cut into the soft sandstone often underlying the farmsteads. Most of the caves have, in later times, been used as byres, sheephouses or storages, amongst other things. Preservation is considered relatively good.

Surveyors: Sólveig Guðmundsdóttir Beck and Stefán Ólafsson.



Tvær topphlaðnar fjárborgir í landi Kots í Rangárþingi.

Two sheep sheds at Kot in Rangárþing.

Þeistareykir

Vegna áforma um byggingu jarðvarmavirkjunar á Þeistareykjum var gerð fornleifaskráning á þessari víðfeðmu jörð sumarið 2006. Sumarið 2001 var bæjarstæði Þeistareykja og næsta nágrenni þess skráð vegna tilraunaborana sem þá stóðu fyrir dyrum en nú var ráðist í að skrá alla jörðina. Á bæjarstæðinu og næsta nágrenni þess höfðu verið skráðir 40 staðir, þar á meðal stór bæjarhóll, 25 tóftir og mikil garðlög. Sumarið 2006 bættust við 17 staðir á víð og dreif um landareignina sem er meira en 270 ferkílómetrar að stærð.

Langstærsti og merkasti minjastaðurinn á svæðinu er bæjarstæði Þeistareykja, skammt frá



Berustaðahellir í Ásahreppi.

Berustaðahellir in Ásahreppur.

Þeistareykir

Plans exist to build a geothermal power plant at Þeistareykir in the highlands of NE-Iceland. Previously, the ruins of the farm site of the same name had been surveyed revealing a large farm mound, 25 separate ruins and a number of field boundaries. In 2006, 17 more sites were identified and recorded on this large swathe of land, an area of more than 270 km².

By far the largest and most impressive archaeological site in this survey is the farm of Þeistareykir itself. It is located adjacent to one of four sulphur mining areas in Iceland in grassland made lush by geothermal heat in the middle of an otherwise barren and inhospitable region. The survey revealed evidence for intermittent

gömlum brennisteinsnámum norðan undir Bæjarfjalli. Heimildir eru um stopula byggð á Þeistareykjum frá 14. öld og fram á þá 19. Miklar framkvæmdir eru nú fyrirhugaðar við bæjarstæðið og er brýnt að gripið verði til ráðstafana til að vernda hinar miklu og sérstæðu minjar þar. Vegur liggur um bæjarstæði Þeistareykja og eiga margir þess kost að skoða minjarnar þar en fáfarnara er um annað bæjarstæði, austan undir Lambafjöllum, um 5 km vestur frá Þeistareykjum þar sem heitir Mælifell. Þar var búskapur á 14. og 15. öld en seinna var staðurinn nýttur sem sel frá Reykjum í Reykjahverfi og hefur á seinni öldum kallast Reykjasel. Þar er röð af misfornlegum tóftum hjá túnbleðli og lækjarsytru sem er eitt af örfáum vatnsbólum á svæðinu.

Aðrar fornleifar í Þeistareykjalandi tengjast samgöngum og nýtingu landsins til beitar. Það eru aðhöld og réttir frá fyrri hluta 20. aldar en 1914 seldi Múlakirkja í Aðaldal Þeistareykjaland til Aðaldæla- og Reykdælahreppa sem hafa síðan nýtt það sem afrétt. Þá eru nokkrar landamerkjavörður og þjóðsögustaðir.

Skrásetjari: Orri Vésteinsson.

occupation of the farm from the 14th to the 19th centuries.

Another, much smaller farm site was surveyed in an isolated location called Mælifell, approximately 5 km from Þeistareykir. This small farm was occupied in the 14th and 15th centuries but was later turned into a shieling and called Reykjasel. A number of ruins from different periods can be seen at this site, which is situated by a small homefield and one of the few water sources in the region.

Other archaeological remains in Þeistareykir relate to transport (tracks and cairns) and the use of the land for summer pasture. The latter group comprises mainly sheepfolds from the first half of the 20th century, which reflects the purchase of this land for that purpose by the communes of Aðaldalur and Reykjadalur in 1914. There are also some boundary markers and sites with folklore attached to them.

Surveyor: Orri Vésteinsson.

Intensive Surveys 2006

The Institute of Archaeology conducted intensive surveys in many delimited areas in 2005. In most cases, these areas were proposed develop-

Í árslok 2006 hafði Fornleifastofnun alls skráð tæplega 22.500 fornleifar á vettvangi.

Deiliskráning 2006

Fornleifastofnun Íslands deiliskráði fjölda minni svæða árið 2006. Í flestum tilfellum var um að ræða litla, afmarkaða reiti þar sem fornleifaskráningar var krafist til að fá deiliskipulag samþykkt. Einnig voru skráðar heilar jarðir í þeim tilgangi að nýta fornleifar í framtíðarskipulagi. Um deiliskráningu sáu Adolf Friðriksson, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Rúnar Leifsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Sædís Gunnarsdóttir.

Slíkar skráningar voru gerðar vegna skipulags

Sumarbústaðalands:

- Efra-Skarð í Svínadal, Hvalfjarðarstrandarhreppi að beiðni landeiganda.
- Brekka í Hvalfirði að beiðni Landlína ehf. f.h. landeiganda.
- Lækjarhvammur í Laugardal að beiðni Landhönnunar slf f.h. landeiganda.


ment areas. Entire farms were also surveyed so that the archaeology could be incorporated in future development plans. The following people were involved in intensive surveys in 2005: Adolf Friðriksson, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oddgeir Hansson, Orri Vésteinsson, Rúnar Leifsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson and Sædís Gunnarsdóttir.

These surveys were commissioned by:

Summer house planning:

- Efra-Skarð in Svínadalur, Hvalfjarðarströnd, at the request of the landowner.
- Brekka in Hvalfjörður at the request of Landlínur ehf. on behalf of the landowner.
- Lækjarhvammur in Laugardalur at the request of Landhönnun slf on behalf of the landowner.
- Eyri in Kjósarhreppur at the request of Landlínur ehf. on behalf of the landowner.
- Kílhraun in Skeiðahreppur at the request of Kílhraun ehf.
- Beitistaðir in Leirár- and Melasveit at the request of Landlínur ehf. on behalf of the landowner.

- Eyri í Kjósarhreppi að beiðni Landlína ehf. fyrir landeiganda.
- Hólabýfi í landi Reykjadals í Hrunamannahreppi að beiðni Landmótunar f.h. landeiganda.
- Kílhraun í Skeiðahreppi, að beiðni Kílhrauns ehf.
- Beitistaðir í Leirár- og Melasveit að beiðni Landlína ehf.
- Sauðhagi I á Völlum í Fljótsdalshéraði að beiðni Landslags ehf.



Rétt í landi Þeistareykja.

Sheep fold in Þeistareykir.

- Sauðhagi I in Fljótsdalshérað at the request of Landslag ehf. on behalf of the landowner.

Development in urban areas:

- Hveragerði at the request of Eykt ehf. on behalf of the council.
- Austurkot and Minni-Vogar in Vatnsleysuströnd at the request of Landslag ehf. on behalf of the landowner.
- Sunnuhvoll in Grenivík at the request of the council in Grýtubakkahreppur.
- Eyjar in Kjósarhreppur at the request of Landlínur ehf. on behalf of the landowner.
- Leirvogstunga in Mosfellsbær at the request of the landowner.

Breytts skipulags í þéttbýli:

- Hveragerði austan Varmár að beiðni Eyktar ehf f.h. bæjarins.
- Austurkot og Minni-Vogar við Voga á Vatnsleysuströnd að beiðni Landslags ehf. f.h. landeiganda.
- Sunnuhvoll ofan Grenivíkur að beiðni sveitarstjóra Grýtubakkahrepps.
- Eyjar II í Kjósarhreppi að beiðni Landlína ehf. f.h. landeiganda.
- Leirvogstunga við Mosfellsbæ að beiðni landeiganda.
- Réttarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi að beiðni Landforms ehf. f.h. hreppsins.
- Laugardælir á Selfossi að beiðni skipulagsfulltrúa Árborgar.

Annarra breytinga á skipulagi:

- Bíldudalur. Skráningin var gerð að beiðni Náttúrustofu Vestfjarða f.h. sveitarfélagsins Vesturbyggðar vegna byggingar leiðigarðs og snjóflóðarennu fyrir ofan elsta og nyrsta hluta þorpsins á Bíldudal.

Mats á umhverfisáhrifum:

- Hellsheiði, að beiðni Orkuveitu Reykjavíkur, vegna jarðvarmarannsókna í tengslum við virkjunaráform.
- Helguvík að beiðni Hönnunar hf. vegna fyrirhugaðs álvers á svæðinu.



Elín Ósk Hreiðarsdóttir við skráningu í Vaskárdal inn af Öxnadal. / Elín Ósk Hreiðarsdóttir surveying in Vaskárdalur, N-Iceland.



Fallegar hleðslur í fjárhústóft í Sel, Ásahreppi.

Well built stone wall in Sel, Ásahreppur.

- Réttarholt in Skeiða- and Gnúpverjahreppur at the request of Landform ehf. on behalf of the council.
- Laugardælir in Selfoss at the request of the council in Árborg.

Other planning:

- Bíldudalur at the request of the Natural research center of the Westfjords, due to the construction of avalanche barriers above the town.

Environmental impact assessment:

- Hellisheiði at the request of Orkuveita Reykjavíkur (Reykjavík Energy), due to geothermal research in connection with geothermal power plants.
- Helguvík at the request of Hönnun hf. due to the planned construction of an aluminium factory.

SKÁLHOLT

Bústaður yfirstéttarinnar

Stórfelldur fornleifauppgröftur hófst á biskupssetrinu í Skálholti árið 2002 og lýkur sumarið 2007. Rannsóknin hlaut styrk úr Kristnihátíðarsjóði til fimm ára en lokaáfanginn hlýtur framlag af fjárlögum Alþingis. Meginviðfangsefnið hefur verið tímabilið eftir siðaskipti, frá og með valdatíð Brynjólfs Sveinssonar biskups til valdala Hanne Finssonar sem var síðasti biskupinn í Skálholti.

Árið 2006 hafði að mestu verið lokið við að



Tóbakspípa úr járn, sennilega frá fyrri hluta 18. aldar.

Metal tobacco pipe, dated to the early 18th century.

grafa megin kjarna byggðarinnar aftur til biskupstíðar Brynjólfs Sveinssonar snemma á 17. öld. Líkt og undanfarin ár fannst mikið af gripum og beinum. Frá upphafi rannsókna hafa alls fundist um 50 þúsund gripir og þúsundir beina og fræja. Uppgröfturinn hefur afhjúpað mörg byggingarstig og sjást þar bæði viðgerðir og breytingar sem gerðar hafa verið á húsum í áranna rás. Alls hafa fundist 13 byggingar frá 200 ára byggingarsögu. Meðal þeirra eru biskupsherbergi, skóli og mörg herbergi sem tengjast geymslu matar og matargerð. Seint á 18. öld var biskupsstóllinn lagður niður og eftir það var rekinn venjulegur búskapur í Skálholti. Eftir þann tíma var þar lítill bær, sem var yfirgefinn og jafnaður við jörðu á 5. áratug 20. aldar. Árið 2007 er ráðgert að ljúka uppgrefti á þeim herbergjum sem eftir eru og einnig að hefja greiningu á öllum gripum, sýnum, dýrabeinum og plöntuleifum sem hafa safnast við uppgröftinn. Þar er mikið verk óunnið.

Excavations

SKÁLHOLT

How the rich lived

Large scale archaeological excavations at the Bishop's seat at Skálholt began in 2002 and will finish in 2007. They began as part of the Kristnihátíðarsjóður projects and were funded for the full duration of this fund (5 years); the final season in 2007 will be funded directly from the Parliamentary budget. The excavations focus on the post-Reformation period of the site, from the time of Bishop Brynjólfur Sveinsson to the last Bishop, Hannes Finsson.

By 2006, the main core of the settlement dating to the period of Bishop Brynjólfur Sveinsson in the early 17th century was uncovered and for the most part, completed. As in previous years, a rich assemblage of artefacts and environmental data has been collected, bringing the total for the whole site at approximately 50,000 finds, plus thousands more animal bones and seeds. The excavations have uncovered several phases of building, repair and alteration to a large complex of thirteen buildings, spanning over 200 years of occupation. This complex includes the

Bishops chambers, the school, and several rooms associated with the storage, preparation and consumption of food, until the late 18th century when the site shrinks to a small farmstead, which was finally abandoned and levelled in the 1950s. In 2007, the aim is to complete the excavation of the few rooms remaining and also to begin the enormous task of analysing in detail all the artefacts, samples, animal bones and plant remains that have been retrieved over the course of the project.

Project managers: Gavin Lucas, Mjöll Snæsdóttir and Orri Vésteinsson.

Field director: Gavin Lucas.

Field team: Andrew Hall, Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Candy Hatherley, Elín Hreiðarsdóttir, Gavin Lucas, George Hambrecht, Hrönn Konráðsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Óskar G. Sveinbjarnarson, Oscar Aldred, Peter Kuchar, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Beck Guðmundsdóttir and Uggi Ævarsson.

Verkefnisstjórar: Gavin Lucas, Mjöll Snæsdóttir og Orri Vésteinsson.

Uppgrftarstjóri: Gavin Lucas

Starfsmenn við uppgröft: Andrew Hall, Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Candy Hatherley, Elín Hreiðarsdóttir, Gavin Lucas, George Hambrecht, Hrönn Konráðsdóttir, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Óskar G. Sveinbjarnarson, Oscar Aldred, Peter Kuchar, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sólveig Beck Guðmundsdóttir og Uggi Ævarsson.



Mjöll Snæsdóttir við uppgröft á vesturhluta svæðisins.

Mjöll Snæsdóttir excavating in the western part of the area.



Uggi Ævarsson grefur innan úr sáfari í búi.

Uggi Ævarsson excavating a barrel pit.

Gásir

Verslunarstaður frá miðöldum

Uppgrefti á verslunarstaðnum á Gásum er nú lokið að sinni. Þetta er langumfangsmesti uppgröftur sem gerður hefur verið á verslunarstað á Íslandi. Uppgrafarsvæðið var alls um 1150 m² og náði bæði yfir verslunarbúðir (svæði A) og kirkju og kirkjugarð (svæði B).

Allar uppgrafnar leifar á svæði A eru yngri en gjóska sem talin er hafa fallið í Heklugosi árið 1300. Engar minjar sem hingað til hafa verið grafnar upp virðast frá því eftir 1400 en þó hafa fundist nokkrir gripir sem hugsanlega gætu verið frá 15. öld. Niðurstöður uppgrafnarins og gripirnir veita einstaka innsýn í stutt tímaskeið á mjög sérstökum stað. Fram til þessa hefur lítið verið grafið upp í Eyjafirði og sömuleiðis hefur þetta tímaskeið lítið verið rannsakað hér á landi. Gripasafnið frá Gásum er fjölbreytt og hafa lífrænar leifar eins og leður og textill varðveist vel. Þá fannst mikið af leirkera-brotum frá miðöldum og bökunarhellur.

Á svæði A var lögð megináhersla á að rannsaka tvær þyrpingar af niðurgrofnunum byggingum eða búðum sem stígur lá á milli. Byggingaleifar á

svæðinu eru geysiflóknaðar, enda hafa búðir verið notaðar tímabundið, yfirgefnar og síðan endurnýttar og byggðar upp mörgum sinnum. Kemur þetta vel heim og saman við þá túlkun að vistarverurnar hafi verið notaðar árstíðabundið.

Aðferðin við að reisa búðirnar hefur verið á þessa leið: Grafnar voru gryfjur, oft í gegnum eldri mannvistarlæg. Þær voru síðan styrktar og skipt upp í smærri rými með torfveggjum sem yfirleitt voru byggðir úr litlum hnausum. Það gæti gefið til kynna að veggjunum hafi ekki endilega verið ætlað að standa til frambúðar. Svæðinu hallar til austurs og því voru búðirnar dýpstar í vesturhlutanum og sneru dyrnar mót austri, líka á þeim búðum sem eru neðan við stíginn. Í hverri búðaþyrpingu tengjast rýmin innbyrðis þannig að hvert herbergi opnast inn í eitt eða fleiri hinna. Búðirnar eru af ýmsum stærðum og gerðum og gæti það gefið vísbendingu um mismunandi hlutverk þeirra. Það má ímynda sér að í sumum hafi verið verslað, aðrar hafi verið geymslur, svefnrými eða hugsanlega herbergi fyrir fundi og samninga. Aðrar búðir hafa

Gásir

A Medieval Trading Site

The now complete excavation at Gásir (2001-2006) has been on an unprecedented scale for a trade site in Iceland. The total excavation area exceeded 1150m², including both the main area of trading booths (A), and the church and churchyard (B).

All excavated deposits within Area A are known to postdate a volcanic tephra horizon believed to be from Hekla ~1300AD. No concrete evidence has been found for any activity later than 1400AD, although a small group of artefacts could possibly date from the 15th century. The artefacts and data gathered from Gásir represent an exceptional sample of material from a short time period, and from a unique site. The high or late medieval period is severely under-represented in Icelandic archaeology, as is the archaeology of Eyjafjörður. The artefactual evidence is broad and varied, with excellent preservation of organic remains along with an exceptional collection of medieval pottery and baking stones amongst other objects.

Excavation in Area A focused upon the remains of two clusters of sunken buildings, or "booths", di-

vided by a path or track way. This area produced the vast majority of artefacts, samples and records from the excavation at Gásir, and absorbed the majority of the excavation effort. This area was typified by exceptionally complex structural remains – temporary structures that had been used for brief periods, abandoned, re-used, repaired and repeatedly modified, in good accordance with the interpretation of these structures as seasonal shelters.

The main building technique for these structures was to dig out large and deep areas through the earlier accumulations of material. These large sunken spaces were subsequently reinforced and divided by walls of turf, generally small and irregular blocks not of the highest quality, and perhaps not intended for long service. As the site slopes down from west to east, the rooms were deepest at the west, and generally "faced" east. Each cluster of rooms was interconnected, with each room leading into one or more of the others. There are a great variety of room sizes and types – surely indicating many different functions. We can suppose

verið notaðar fyrir ýmiss konar framleiðslu og vinnslu fyrir útflutning.

Lokið hefur verið við uppgröft á kirkju og kirkjugarði skammt vestur af búðasvæðinu, en hann hófst árið 2004. Greind voru þrjú byggingastig í kirkjunni. Elsta kirkjan var reist fyrir 1300. Undir henni voru mjög stórar, grjótfylltar stoðarholur sem hafa borið uppi hornviði í ferhyrnu kirkjuskipi. Skipið hefur verið um 6 x 5 m stórt með kór við austurenda. Kirkjan, sem reist var á eftir þessari, var álíka stór en í henni báru stórir hnullungar uppi hornstafi í skipinu. Yngsta kirkjan, reist eftir 1300, var miklu betur varðveitt en þær eldri. Í henni var samfelld steinaröð sem bar uppi aurstokka bæði í skipi og kór. Á lokastigi var forkirkju, 5 x 5 m að stærð, bætt við vesturenda kirkjunnar og var hún þar með orðin 16 m löng. Allt frá upphafi hefur kirkjan verið úr timbri og gólf hennar einnig. Á yngstu kirkjunni hafa verið skástífur, e.k. stoðir sem styrktu útveggina utanfrá. Þetta sést á grjótundirstöðum utan við sjálfa rústina, í kirkjugarðinum. Afar fáir gripir fundust inni í kirkjunni. Með uppgræfti í kirkjugarðinum var staðfest að enginn var jarðsettur í honum. Þar hefur

þó ýmislegt verið starfað, m.a. virðast menn hafa unnið þar að smíðum. Grjóthleðsla var í innanverðum kirkjugarðsvegg á kafla og hlið á honum austan við kirkjuna.

Uppgrafterstjórar: Howell Roberts og Orri Vésteins-son.

Starfsmenn við uppgröft: Bjarki Borgþórsson, Marta Dulunicz, Elín Bjarnadóttir, Louise Felding, Ramona Harrison, Lilja Björk Pálsdóttir, Oddgeir Hansson, Rúnar Leifsson, Freya Sadarangani, James Stuart Taylor og Jeanette Wooding.



Grafið í blíðviðri í kirkjunni á Gásum.

Excavating the church at Gásir on a lovely day.

that some rooms served as shops, some as stores and others as resting places, and perhaps even private spaces for negotiation. Other spaces were used for various industrial functions or for the processing of goods for export.

In 2004 excavations spread from the main booth area upslope to the churchyard. The excavation continued through the 2006 season and is now complete. In the previous year the foundations of the church had been laid bare but excavation and analysis of its phasing was accomplished this year.

The church had three phases of construction. The earliest phase, from before AD 1300, was represented by very large pits which had been filled with stones to support the corner posts of a rectangular nave, ca. 6x5 m with a 3.5 x 3.5 m chancel at the eastern end. The second phase had similar dimensions but had large boulders supporting the corner posts of the nave. The final phase, built after AD 1300, was much better preserved and had a continuous line of stones supporting the ground beams of both chancel and nave. In its final phase a narthex, measuring 5x5 m, was added on the western side of the church, making it a total

of 16 m long.

All three phases of the church were timber buildings with a timber floor. In its final phase the church was supported by oblique beams, evidenced by stone foundations in the yard. Very few and only non-diagnostic finds were retrieved from inside the church.

Work in the churchyard confirmed that it had not been used to bury the dead, but for a variety of other functions, including various types of industry. A stone facing was revealed on the inside of a segment of the churchyard boundary and an elaborate construction made of large slabs marked the entrance to the churchyard on the eastern side.

Field director: Howell Roberts and Orri Vésteinsson.

Field team: Bjarki Borgþórsson, Marta Dulunicz, Elín Bjarnadóttir, Louise Felding, Ramona Harrison, Lilja Björk Pálsdóttir, Oddgeir Hansson, Rúnar Leifsson, Freya Sadarangani, James Stuart Taylor and Jeanette Wooding.

Reykholt

Saga sóknarkirkjunnar

Megintilgangurinn með rannsóknum í Reykholti undanfarin ár hefur verið að kanna sögu sóknarkirkjunnar, hvernig elsta kirkjan leit út og hvernig kirkjubyggingar þróuðust. Á árunum 2002-2006 hafa fjögur af fimm byggingarstigum verið grafin



Uppgröftur í fullum gangi í Reykholti.

Excavation in progress at Reykholt

fram og sést að umtalsverðar breytingar hafa orðið á kirkjunni í tímans rás, einkum hvað varðar innra skipulag. Mikið hefur fundist af gripum í kirkjurústunum, alls um 5400. Þar af eru 1303 glerbrot, bæði úr rúðum og ílátum; 165 leirkersbrot sem hafa verið tímasett allt frá 12. öld og fram á þá tuttugustu og 27 perlur. Gripirnir gefa vísbendingu um kirkjubyggingarnar sjálfar, athafnir sem þar fóru fram og síðast en ekki síst kirkjugesti.

Árið 2006 var lögð áhersla á uppgröft elstu kirkjunnar og síðustu leifar yngri kirkna ofan á henni. Einna mest afgerandi voru þrjár stórar stoðarholur sem hafa borið uppi þak. Elsta kirkjan var niðurgráfin um u.þ.b. 1 m. Kirkjunni var skipt í tvennt. Margar grafir, sem tilheyra yngri byggingarskeiðum, ná niður í elstu kirkjuna og því var ekki unnt að grafa vesturhlutann upp að fullu sumarið 2006. Þrátt fyrir það lítur út fyrir að þrískiptingin, sem sést í yngri kirkjunum, sé þar einnig við lýði, þ.e. kór, kirkjuskip og inngangur. Í enda kórsins var hlaðin undirstaða

Reykholt

The Parish Church

The main objectives of the church excavations at Reykholt have been to understand the nature of the earliest church, to observe how subsequent churches were fashioned over the earliest, and to make out the succeeding architectural or construction features that were used during this evolution. Excavations undertaken between 2002 and 2006 have thus far revealed 4 out of 5 visible churches, with several differences in the use and the construction of the internal space and architectural features of the church.

The church has provided a great deal of artefacts from the 5 years of excavations. To date, there have been 5400 artefacts. Artefact types vary, for example, thus far there are 1303 fragments of glass, both from windows and vessels; 165 sherds of pottery, ranging from 12th century to 20th century in date, and 27 beads. The range of material reflects items relating to the construction of the church, as well as the specific religious activities that took place in the church and the congregation.

In 2006 the excavations focused primarily on

the earliest church, though some remnants of later phases remained. The main architectural feature of the earliest church comprises 3 large post pits that were used to sustain a substantial roof support. Furthermore, this church was dug into the ground about 1 m thereby creating a surface lower than the surrounding contemporary land surfaces. The internal space of the church was divided into two parts. Due to the many graves that were dug after the church was abandoned it was not possible to excavate the western end to a great extent. However, the earliest church appears to have the same tripartite division seen in the subsequent churches, with a chancel, a nave and entrance area in the western end. In the chancel end a stone foundation wall for a wooden construction was seen placed inside the church cut. In the nave a central space was bounded to the north and south by a bench area, which was on top of an earthen floor base which contained wooden planks. Although there was much later activity in the western end, a grave that was contemporary

undan timburvegg. Kirkjuskipið var afmarkað af bekkjum að norðan- og sunnanverðu og undir þeim var moldargólf þar sem fundust leifar af gólfborðum. Í vesturenda kirkjunnar fannst óskemmd gröf sem tilheyrir elstu byggingarskeiðunum. Gröfin var miðsvæðis í kirkjunni og olli nokkrum vangaveltum meðal fjölmiðlafólks, enda hafa stórmenni oft verið grafin á slíkum stöðum. Var hún jafnvel orðuð við sjálfan Snorra Sturluson. Gröfin hefur enn ekki verið opnuð þegar þetta er ritað og raunar óvíst hvort sá sem í henni liggur verður nokkurn tíma tengdur við nafngreinda persónu. Í vesturenda kirkjunnar var grafið upp úr þónokkrum holum, sjálfsagt stoðarholum sem hafa borið uppi þakið. Jafnvel þótt góflög hafi skemmst mikið við byggingu yngri kirkna fundust í þeim gripir, t.d. leirkersbrot frá 12. öld, klæðaleifar og járnhlutir.

Þegar yngri kirkja var reist ofan á þeirri elstu hefur efni, t.d. aska, verið borið á kirkjustæðið til að jafna það út. Þar á meðal er lag sem er ríkt af viðarkolum og reyndist frá því á bilinu 1020-1220. Sennilega hefur uppfyllingarefnið komið

with the latest or subsequent church was seen. The grave was located in the central area and the prime position in the church and resulted in much media speculations. The grave remained unexcavated in 2006; however, it is tentatively being connected to the high medieval church. In the far western end at the end of the church structure a series of inter-cutting pits were excavated which were probably foundation pits relating to the roof structure. Although the floors had been disturbed during the construction of later churches, they contained Stamford Ware pottery dated to the 12th century, textile fragments and iron objects amongst other finds.

Several dumping episodes took place for the construction of the subsequent church. These included a charcoal rich deposit, dated by radiocarbon analysis to AD 1020-1220. The dumping episodes represent fill material which aided in the new church construction by providing a stable foundation, though the material probably comes from the activities that took place around the church, such as the farm on the southern side (mainly excavated between 1998 and 2002)

annaðhvort úr sjálfum bænum, sem var grafinn upp á árunum 1998-2002, eða smiðju norðan kirkjunnar sem grafin var upp 2001.

Haldið verður áfram að grafa í Reykholti sumarið 2007. Þá er stefnt að því að opna 11 grafir í mið- og vesturhluta kirkjunnar og ljúka við uppgröft á sjálfri kirkjunni.

Samstarfsaðili: Þjóðminjasafn Íslands.

Verkefnisstjóri: Guðrún Sveinbjarnardóttir.

Uppgrafterstjóri: Oscar Aldred.

Starfsmenn við uppgröft: Anies Hassan, Stefán Ólafsson og Þórunn Karólína Pétursdóttir.



Leirkersbrot frá 12. öld í gólfagi.

Stamford ware in situ.

or the smithy on the northern side (excavated in 2001).

Excavations will continue in 2007, primarily focusing on the removal of 11 visible burials in the central and western areas of the church and completing the excavation of the earliest church structure.

Collaborator: National Museum of Iceland.

Project manager: Guðrún Sveinbjarnardóttir.

Field director: Oscar Aldred.

Field team: Anies Hassan, Stefán Ólafsson and Þórunn Karólína Pétursdóttir.

Þingminjarannsóknir

Árið 2006 var fimmta ár verkefnisins Þinghald að fornu. Kristnihátíðarsjóður styrkir rannsóknirnar. Markmið þeirra er að rannsaka minjar um þinghald á Íslandi, kanna aldur þeirra og ástand, athuga skipulag þingstaða, staðsetningu og þróun.

Árið 2006 var rannsóknnum haldið áfram á Miðmundatúni á Þingvöllum og gerðar athuganir á „Lögbergi“ og á hól á eystri bakka Öxarár, til móts við suðurenda Brennugjár. Ljóst er að í Miðmundatúni eru tölverðar mannvirkjaleifar, en óvíst er um hlutverk þeirra. Gætu þær verið búðaleifar þar sem engir gripir eða önnur ummerki fundust er gefa til kynna að þar hafi staðið útihús eða bæjarleifar. Á Lögbergi var grafið á efri hluta „áhleðslunnar“ á

berginu, en engar mannvirkjaleifar komu þar í ljós. Hóllinn við suðurenda Brennugjár er hins vegar manngerður. Í honum fundust hleðsluleifar, leifar af gangsilfri og silfurpeningar frá 11. öld. Auk rannsókna á Þingvöllum var athugunum á vorþingstöðum haldið áfram. Grafið var í meinta búðartóft í Skuldaþingsey í Skjálfandafljóti. Rannsóknin var unnin í samstarfi við Hið Þingeyska fornleifafélag. Tóftin er úr torfi og reyndist eldri en gjóskulag frá 1300. Í henni fundust allmargar stoðarholur, en ekkert gólfslag, né bein eða gripir. Á næstu árum er fyrirhugað að halda áfram uppmælingu vorþingstaða og kanna aldur mannvirkja á öðrum þingstöðum með uppgrefti.

Verkefnisstjóri: Adolf Friðriksson.

Uppgrafterstjóri: Howell Roberts.

Starfsmenn við uppgróft: Freya Sadarangani, Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, James Stuart Taylor, Oddgeir Hansson, Ramona Harrison og Vala Björg Garðarsdóttir.



Silfurpeningur frá 11. öld sem fannst á Þingvöllum

11th century silver coin, found at Þingvellir

Iron Age Assemblies in Iceland

The 2006 season witnessed the fifth year of the Assembly Project in Iceland. The aim of the project is to study the layout of alleged assembly sites, the types of structures, their chronology and development.

Excavation of the site of Þingvellir, the General Assembly, also continued in 2006. The excavation focused on the homefield south of the Þingvellir farm, in Miðmundatún, where sub-rectangular, booth-like structures have been uncovered. It remains to be seen whether these belong to farming activity at Þingvellir or are part of the assembly site. Small-scale test excavations were carried out at Lögberg and on a small hillock near the southern end of Brennugjá. Neither structural remains nor finds were uncovered at Lögberg, but the mound near Brennugjá is clearly manmade, and inside it animal bones and silver coins from the 11th century were found.

At the alleged assembly site in Skuldaþingsey, NE-Iceland, the remains of one sub-rectangular structure were partially excavated. The excavation revealed a small ruin made of turf, dating to



Uppgröftur í Skuldaþingsey á Skjálfanda

Excavation in a booth in Skuldaþingsey

the 9th-12th centuries, with many post-holes, but no small finds or a floor layer. It is likely that this structure is the remains of an assembly booth. The project was funded by the Millennium Fund.

Project manager: Adolf Friðriksson.

Field director: Howell Roberts.

Field team: Freya Sadarangani, Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Hildur Gestsdóttir, James Stuart Taylor, Oddgeir Hansson, Ramona Harrison and Vala Björg Garðarsdóttir.

Kumlarannsóknir

Á síðustu árum hafa flestallir þeir staðir þar sem heiðnar grafir hafa fundist á Íslandi verið athugaðir á vettvangi en þeir eru um 160 talsins. Árið 2003 hófst leit að nýjum kumlstöðum og hafa nokkur áður óþekkt kuml fundist við uppgröft 2004-2005: Í Saltvík í Reykjahverfi, við Litlu-Núpa í Aðaldal, hjá Lyngbrekku (Gömlu-Daðastaðum) í Reykjadal og Kálfskinni á Árskógsströnd. Öll þessi kuml hafa verið rofin í fyrndinni og er nú lítið eftir af þeim, en staðsetning þeirra samræmist nýjum kenningum um að fólk í heiðni hafi verið heygt skammt frá leiðum og landamerkjum eða nærri bæjum. Árið 2006 var gerð frumathugun á meintu kumli á Kumlholti á Galmaströnd. Þá barst Fornleifavernd ríkisins tilkynning um blásnar leifar kumls á sjávarbakka í Hringsdal í Arnarfirði. Við rannsókn á leifum kumlsins fannst annað kuml, að þessu sinni óraskað. Þar kunna að vera fleiri grafir og verður rannsóknnum haldið áfram árið 2007.

Verkefnisstjóri: Adolf Friðriksson.

Starfsmenn við uppgröft: Eiríkur Jónsson (sjálfbóðaliði), Hildur Gestsdóttir og Rúnar Leifsson.



Kumlbúi í Hringsdal með vopnum frá lokum víkingaaldar.

Heathen grave in Hringsdalur including weapons from the late Viking Age.

Iron Age Burials

In the past few years almost all of the known pagan burial sites in Iceland (approximately 160) have been revisited and relevant topographical details recorded. In 2003, an extensive search for new sites was launched and a few more sites uncovered: Saltvík in Reykjahverfi, Litlu-Núpar in Aðaldalur, Lyngbrekka (Daðastaðir) in Reykjadalur and Kálfskinn in Árskógsströnd – all in Northern Iceland.

All of these burials had already been disturbed, but their location is in agreement with the general characteristics of burial topography in Iceland and lends further support to the identification of grave sites from the Iron Age. In 2006, a preliminary excavation was carried out at an alleged burial site at Kumlholt, Galmaströnd in N-Iceland. Also, an eroded burial was uncovered in Hringsdalur in Arnarfjörður, NW-Iceland during a fieldwork prompted by a report made by the land-owners to the Archaeological Heritage Agency. In Hringsdalur, a second and undisturbed burial was found, revealing a human skeleton, with weapons and other grave-goods.

The investigation of burial sites in Iceland will continue in 2007.

Project manager: Adolf Friðriksson.

Field team: Eiríkur Jónsson (volunteer), Hildur Gestsdóttir and Rúnar Leifsson.

Vatnsfjörður

Búsund ára saga grafin upp

Árið 2006 var grafið fjórða árið í röð í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp og var Fornleifaskólinn haldinn þar í annað skipti. Þrjú áður óþekkt útihús fundust nálægt smiðju og bæ frá víkingaöld. Þar fundust einnig nokkrir óvenjulegir gripir, t.d. hverfisteinn, marglit perla og málmkraut af ólarena í Borró-stíl, en það er einn af skreytistílum víkingaaldar. Könnunarskurðir voru grafnir í bæjarhólinn í Vatnsfirði, en hann hefur að geyma mun yngri minjar, m.a. komu í ljós húsgrunnar frá 19. öld fast undir yfirborði. Góðar líkur eru á að uppgröftur á bæjarhólnum geti varpað ljósi á hvernig efnahagur og afkoma fólks sem bjó á staðnum hefur breyst á liðnum öldum.

Markmið uppgraftarins í Vatnsfirði er að kanna efnahagslegan og félagslegan grundvöll byggðarinnar allt frá víkingaöld og fram á 16. öld eða þar um bil, en á þessu tímabili átti Vatnsfjörður sitt blómaskeið sem höfuðból á Vestfjörðum. Uppgröfturinn er liður í nýju samstarfi nokkurra aðila sem standa að félaginu Vestfirðir á



Perla frá 10. öld.

Viking Age bead.

miðöldum. Markmið félagsins er að stuðla að nýjum rannsóknum á sögu og menningu Vestfjarða allt frá landnámi og fram til vorra daga. Uppgröfturinn er styrktur af Alþingi.

Markmið ársins 2006 var tvíþætt: Annars vegar að halda áfram með þann hluta svæðisins sem er frá víkingöld og hins vegar að meta ástand bæjarhólsins, sem hlaðist hefur upp á mörgum

Vatnsfjörður

Westfjords Excavation Spans the Millennium

July 2006 saw the fourth excavation season at Vatnsfjörður, the second in which the team included students from the Field School in North Atlantic Archaeology. Three new outbuildings were found close to the smithy in the Viking Age part of the site, along with some unusual finds, such as a grinding wheel, a polychrome bead, and a Borre-style strap end. Evaluation trenches on the large farm mound revealed well-preserved 19th-century building foundations immediately under the surface and demonstrate that the farm mound has excellent potential to shed light on the changing economy, social status, and culture of the chieftains who resided here.

The aim of the ongoing excavation at Vatnsfjörður is to investigate the economic and social organization of the farm from the Viking Age to the post-medieval period, during which time Vatnsfjörður rose and fell as one of the main seats of wealth and power in the Westfjords. The excavation forms the core of a multi-

disciplinary and multi-institutional cooperative research programme aimed at studying the history, culture, literature, environment and archaeology of the Westfjords from the 10th to the 20th centuries. The excavation is funded by the Icelandic parliament.

The aims of the 2006 field season were two-fold: to progress with the excavation on the Viking Age part of the site and to assess the potential of the farm mound for future excavations. To this end, the Viking Age excavation area was expanded southwards to include a building that had been identified in 2005 in a test pit 15 m south of the 10th-century skáli. In addition, nine evaluation trenches were excavated on the farm mound in order to assess its size, the depth of its cultural deposits and the quality of its preservation.

The Viking Age excavation area brought to light three new outbuildings around the smithy that had started to be uncovered last year, two of which were fully excavated. One of the long

öldum, og gildi hans fyrir áframhaldandi rannsóknir á staðnum. Á fyrrnefnda svæðinu var rannsóknarsvæðið stækkað til suðurs og náði þá yfir byggingu sem var fannst í þrúfuskurði árið 2005, um 15 m suður af skála frá víkingaöld. Að auki voru grafnir níu könnunarskurðir í bæjarhólinn til að meta stærð hans, þykkt mannvistar-laga og varðveisluskilyrði.

Tvær byggingar af þremur sem voru afhjúpaðar í námunda við víkingaaldarsmiðjuna voru grafnar til fulls. Fast við einn langvegg smiðjunnar var mjög lítil, aflöng bygging. Ekki fundust afgerandi gripir í henni en sennilegt að hún hafi verið skemma eða geymslurými. Hin byggingin sem var fullgráfin er ferhyrnd með dyr á öðrum gaffli. Flatur steinn var miðsvæðis í tóftinni og mjög þunnt gólflag sem í voru viðarkol, koluð fræ og rotnaðar jurtaleifar. Eini gripurinn sem fannst í tóftinni og hægt var að tegundargreina er lítill hverfisteinn. Skortur á gripum

walls of the smithy was abutted by a very small oblong building that had no diagnostic features or finds in it and was probably used for storage. The other fully excavated outbuilding was rectangular, with an entrance in one of its gable walls, a central flat flag

stone, and a very thin floor lens containing charcoal, charred seeds, and decomposed plant matter. The only significant find in the building was a small grinding wheel, and this, together with the lack of diagnostic features, the thin floor deposit, and the lack of synanthropic insects in the building, suggests that the building was probably an unheated workroom and/or a storeroom. Surrounding the Viking Age buildings were widespread sheet middens and trampled deposits that produced some of the most interesting and diagnostic artefacts of the excavation, including a Borre-style strap end and a Viking Age glass bead with a colourful bulls-eye design.

The evaluation trenches revealed that the farm

and þunn gólflög benda til að byggingin hafi verið óupphitaður vinnuskúr eða skemma. Umhverfis víkingaaldarbæinn voru víða þunn ruslalög og tröðkuð jarðlög. Í þessum lögum fundust áhugaverðustu gripirnir í uppgreftinum, m.a. skreyttur ólarendi í Borró-stíl og fagurlega skreytt perla frá víkingaöld.

Könnunarskurðirnir sýndu að bæjarhólinn er óvenju stór, um 90 x 60 metrar. Mannvistarlög í honum eru allt að 1,5 m djúp. Í könnunarskurði efst á hólnum fundust leifar síðasta torfbæjarins í Vatnsfirði (1884-1906) og leifar af niðurgröfnum kjallara sem hafði verið fylltur með rusli frá fyrri



Uppgröftur á bæjarhól.

Excavating the farm mound.

mound is exceptionally large: around 90 m long (north-south) and 60 m wide, with cultural deposits reaching thicknesses of around 1.5 m. The evaluation trench at the top of the farm mound located the last turf dwelling house at Vatnsfjörður (1884-1906), and the trench was extended to reveal very well-preserved wall foundations and a deep cellar infilled with early 20th-century household rubbish. The excellent preservation of the buildings and other cultural deposits in this area suggest that the Vatnsfjörður farm mound has strong potential to further the understanding of farm mound formation processes. The future investigation of the farm mound will undoubtedly shed interesting new

hluta 20. aldar. Allt bendir til að minjar í hólnum séu frábærlega varðveittar.

Frekari uppgröftur mun án vafa varpa ljósi á efnahagslegar og félagslegar breytingar hjá hástéttinni sem bjó í Vatnsfirði.

Verkefnisstjórar: Adolf Friðriksson, Torfi H. Tulinius og Garðar Guðmundsson.

Uppgrafterstjórar: Karen Milek og Guðrún Alda Gísladóttir.

Leiðbeinendur: Astrid Daxböck, Ian Simpson, Jonas Secher Schmidt, Konrad Smiarowski, Mjöll Snæsdóttir og Uggi Ævarsson.

Starfsmenn við uppgröft: David Craig, Dawn Mooney, Gunnhildur Garðarsdóttir, Elizabeth Pierce, Nicole Taylor, Stuart Morrison og Val Dufeu.

Nemendur við Fornleifaskólann: Alice Whitmore, Altaire Harris, Bartłomiej Begziak, Elijah McStotts, Ella Ussher, Hege Gjerde, Inge Knudsen, Maeve McCormick, Marina Matatova, Maureen Kick, Sandra Coullenot, Sébastien Martel, Véronique Forbes og Yannick Guigue.

Samstarfsaðilar: Háskóla­setur Vestfjarða, Vestfirðir á miðöldum, University of Stirling, Hugvísindastofnun HÍ, Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga, Byggðasafnið á Ísafirði og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.



Leifar tveggja bygginga frá víkingaöld.

Two Viking Age structures.

light on the changing economic and social fortunes of chieftains who resided at Vatnsfjörður.

Project managers: Adolf Friðriksson, Torfi H. Tulinius, Garðar Guðmundsson

Field directors: Karen Milek, Guðrún Alda Gísladóttir.

Supervisors: Astrid Daxböck, Ian Simpson, Jonas Secher Schmidt, Konrad Smiarowski, Mjöll Snæsdóttir, Uggi Ævarsson.

Field team: David Craig, Dawn Mooney, Gunnhildur Garðarsdóttir, Elizabeth Pierce, Nicole

Taylor, Stuart Morrison, Val Dufeu.

Field team attending the Field School in North Atlantic Archaeology: Alice Whitmore, Altaire Harris, Bartłomiej Begziak, Elijah McStotts, Ella Ussher, Hege Gjerde, Inge Knudsen, Maeve McCormick, Marina Matatova, Maureen Kick, Sandra Coullenot, Sébastien Martel, Véronique Forbes, Yannick Guigue.

Collaborators: Háskóla­setur Vestfjarða, Vestfjarða á Miðöldum, University of Stirling, Hugvísindastofnun HÍ, Atvinnuþróunarfélag Vestfirðinga, Byggðasafnið á Ísafirði, Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Sveigakot

Maður byrjar á því að koma sér upp vinnuskúr og útigrilli ...

Í Sveigakoti í Mývatnssveit hefur staðið yfir uppgröftur frá 1999. Þó að rústirnar þar hafi verið illa farnar af uppblæstri þegar að var komið hafa þær reynst afar drjúgt rannsóknarefni sem hefur vakið upp nýjar spurningar um landnámið, uppruna landnámsmanna og búskap frumbyggja Íslands.

Eitt af því sem gerir Sveigakot að spennandi rannsóknarstað er gjóskulag frá um 950 en talsvert af byggingaleifum og öskuhaugum var undir því lagi, milli þess og landnámsgjóskunnar frá 871±2. Þar á meðal eru byggingar sem voru fallnar áður en 950 gjóskan féll og eru það elstu mannvirki á Íslandi sem hægt er að tímasetja með algerri vissu til fyrstu áratuga byggðar í landinu. Meðal þessara elstu mannvirkja eru íveruhús af annarri gerð en hingað til hefur verið þekkt á Íslandi.

Sumarið 2006 miðaði uppgröfturinn að því að rannsaka elstu byggingaleifarnar í Sveigakoti og voru grafnar fram fimm byggingar, en fjórar þeirra höfðu komið í ljós á fyrri árum og sumar verið rannsakaðar að talsverðu leyti. Þar á meðal

var fjós, 11 x 4 m stórt með flór eftir endilöngu sem hafði verið rifinn eftir að húsið var aflagt. Þunn gólfskán var í þessu húsi og á þriðja hundrað holur, flestar litlar, eftir pinna eða hæla, en einnig greinilegar stoðarholur meðfram



Guðrún Alda Gísladóttir tekur sýni til efnagreiningar úr gólfi elsta jarðhússins.

Guðrún Alda Gísladóttir sampling the floor in the earliest dwelling.

Sveigakot

First we have to build a tool shed and a barbecue ...

The eighth and final season of excavations in Sveigakot reveals new information about the life of the first settlers in the late 9th century.


Originally planned for only 2-3 seasons, excavations at Sveigakot in Mývatnssveit have reached their 8th and final season. What began in 1999 on a seriously eroded site, was found to have archaeological deposits with a substantial amount of archaeological remains - enough to warrant many years of fieldwork and analysis which is only now coming to a close. The results promise to shed new light on questions regarding the colonization of Iceland, the origins of the settlers and their subsistence strategies.

One reason for Sveigakot's being an ideal site for the investigation of these issues is that the site contains substantial midden deposits and structural remains which are all sandwiched between two tephra layers – horizons of volcanic ash. The older tephra layer is dated to AD 871±2 and the later to ca. AD 950, clearly placing the site into the settlement period. The structural re-

mains comprise, in whole or in part, entire buildings which had been abandoned and had collapsed before the AD 950 tephra was deposited, making them the only buildings so far excavated in Iceland which can be dated with confidence to the first decades of settlement. These early structures include dwellings of a type hitherto unknown in Iceland.

The 2006 season concentrated on five structures, four of which had been partially investigated during previous seasons. Among these was a byre which measured 11x4 m, with a paved central aisle, the stones from which had been robbed after the building was abandoned. This structure had very thin surface deposits but nearly 300 holes were dotted around its inside. These were mainly small peg-holes and stake-holes but post-holes were also found along the walls. The paved central aisle only ran approximately two-thirds of the length of the structure from the front. Clearly the innermost portion of the structure had some other purpose than stall-

langveggjum. Flórinna náði ekki inn eftir öllu húsinu og hefur innsti og efsti hluti hússins verið notaður til einhvers annars en að hafa þar kúr eða naut á básun. Á Sveigakotsfjosið þetta raunar sammerkt með mörgum öðrum fjósum sem grafin hafa verið upp á Íslandi. Fjósið var fallið löngu áður en 950 gjóskan féll og sömu-leiðis aðalíveruhús fyrstu kynslóðar Sveigakotunga sem stóð skammt frá því. Það var niðurgrafið hús, um 5 x 4 m að stærð. Í því voru allmörg gólfög sem höfðu hlaðist upp í tímans rás. Hverju þessara gólfaga tilheyrði eldstæði en alltíð umskipti voru á því hvar í húsinu eldstæðin voru frá einum tíma til annars. Ýmsar fleiri breytingar voru gerðar á innra skipulagi hússins



Vinnuskúr frumbýlingsins ásamt stoðarholum úr yngra mannvirki. Á gólf hans var beinahrúga, e.t.v. leifar eftir nokkrar máltíðir.

The first settler's shed along with later postholes. A pile of animal bones on the floor, possibly the remains of several meals.

ing cattle. This arrangement is, in fact, often seen in excavated Viking age byres in Iceland. The byre had collapsed and become a ruin by the time the AD 950 tephra fell. Similarly, the earliest dwelling, which was located a short distance from the byre, met the same fate. The sunken-structure measures 5 x 4 m, with multiple floor layers which had accumulated during its lifetime. Most of these floor layers were associated with hearths; however, the hearths were frequently relocated within the structure as well as other changes that were made to the structure's interior design. This may suggest that changes in occupancy were frequent, perhaps every 5 to 10 years in the 30 to 50-year period during which the dwelling was most likely in

með tímanum og gæti þetta bent til þess að ábúendaskipti hafi verið tíð eða á 5-10 ára fresti á þeim 30-50 árum sem líklegt er að húsið hafi verið í notkun. Upphaflega hafði verið gengið inn í húsið að vestanverðu, skammt frá vatnsbakka eða mýrarjaðri sem talið er að hafi verið fast vestan við bæjarstæðið, en þessar dyr voru fljótlega fylltar og nýjar settar á að austan. Þar lá mjór gangur frá húsinu og opnaðist út á svæði með útielastæðum sem virðast hafa verið í notkun á móta lengi eða jafnvel lengur en íveruhúsið. Örfáir gripir fundust í þessu húsi, þ.á m. ein glerperla og hluti af lás sem gæti verið af verkfærakistu. Hjá útielastæðunum fundust tvær spilatöflur úr beini og má af því ímynda sér að þar hafi menn setið og stytst sér stundir við spil á meðan að maturinn mallaði. Heldur yngri byggingar voru skammt austan við niðurgrafna íveruhúsið og hafa þær að líkindum verið reistar meðan það og fjósið voru enn í notkun en staðið mun lengur og voru líklega enn undir þaki þegar 950 gjóskan féll. Sú eldri af þessum tveimur byggingum var grunn, ferhyrind gryfja með nokkrum eldstæðum, þar á meðal tveimur mjög stórum í djúpum skurði sem hafði verið grafinn

use. The original entrance was on its west side, opening out onto a lake-bank or a wet meadow, but this entrance was soon filled and a new entrance was created uphill on the eastern side of the structure. Here, a narrow corridor connected this structure to an outdoor activity area with open-air hearths. This activity area seems to be contemporary to the dwelling and was possibly in use for a longer period. Only a handful of artefacts were found in the dwelling, including a glass bead and a part of a lock, possibly from a tool-box. Two gaming pieces of bone were found by the open-air hearths, suggesting perhaps that people passed the time by playing some sort of chess while they waited for the meal to cook.

Another two structures were located a short distance east of the byre and dwelling. They were constructed while the two earlier buildings were still standing. It is possible that all four structures were in use at the same time, however, these two later structures outlived the earlier by quite a few years, possibly even decades, as they were still standing when the AD 950 tephra was deposited. The earlier of these is a rectan-

ofan í gryfjuna. Sá skurður hafði síðan verið fylltur með stétt sem virðist hafa tengst yngri byggingunni en hún hefur verið íveruhús af annarri gerð en hið elsta. Þetta hús hafði mjög einkennilega lögun, 6 x 2 m stórt, og leit út eins og miðgangurinn í litlum skála en engar vísbendingar fundust um set eða útveggi sem stutt gætu þá hugmynd að það hafi verið skáli. Í húsinu var þykkt svart kolagólf, langeldur á því miðju og í öðrum enda þess stór og vandaður hellukassi sem eldur hafði brunnið í. Allmargir góðir gripir komu upp úr þessu gólfi, þ.á m. snældusnúður úr blýi, en hann er sá sjötti úr því efni sem finnst á Íslandi. Einnig fundust þar 9 glerperlur, þar af 8 af smæstu gerð, aðeins 3-5 mm í þvermál.

Undir síðastnefnda húsinu fundust leifar af örsmárri byggingu, aðeins 2,8 x 2 m að stærð. Þetta hús var byggt með því að reka niður stoðir með skömmu millibili og hafa bilin á milli þeirra verið fyllt með timburþili, tágum eða jafnvel einungis tjalddúk. Ekkert eiginlegt gólflag var í þessum kofa en á botninum var stór hrúga af dýrabeinum, líklega leifar af nokkrum máltíðum. Þær máltíðir hafa þó ekki verið matreiddar inni í kofanum enda fundust engin merki um að eldur

gular sunken feature. This structure was quite shallow and was cut by a ditch bisecting it, which contained two large hearth pits. The ditch had later been filled with a pavement which may have been connected to the other structure. This second, slightly later structure was another dwelling, but of a different type from the earlier dwelling mentioned above. It measured 6 x 2 m and had a curious shape, which looked very much like the central aisle of a small hall, yet no evidence whatsoever was found of side-aisles or walls which could have supported an interpretation of this building as a hall. The structure had a thick, soot-black floor layer, an elongated hearth in the centre of the floor, and towards one end a large and deep stone-lined hearth box. A number of artefacts came from this floor, including a lead spindle whorl, the sixth so far found in Iceland, and 9 glass beads, including 8 of the smallest kind, only 3-5 mm in diameter.

Below this last structure the remains of a tiny structure were found, only 2.8 x 2 m. This was a post-built structure, with the space between the posts filled with wooden paneling, wattle or

hefði brunnið þar. Líklegra er að sú eldamennska hafi farið fram í tveimur niðurgrofnum eldstæðum utan við kofann, þeim elstu af nokkrum sem áður var minnst á milli kofans og elsta niðurgrofna íveruhússins.

Hér virðist því vera kominn vinnuskúr frumbyggjans. Hann hefur ekki rúmað meira en tvo menn og hefur þó verið þröngt um þá ef þeir hafa haft með sér vistir og búnað. Áður en þeir hófust handa við að byggja íveruhúsið hafa þeir grafið sér holu, fóðrað hana að innan með hellum og hefur hún þjónað sem eldstæði þeirra – útigriilið – meðan byggingavinnan stóð yfir. Eftir að niðurgrofna íveruhúsið var risið hefur skúrinn glatað hlutverki sínu og sennilega verið



Uggi Ævarsson íhugar eitt af jarðhúsunum í Sveigakoti.

Uggi Ævarsson speculating on one of the sunken huts in Sveigakot.

possibly even just cloth. There was no floor layer as such in this “hut” but in its base there was a pile of animal bones, possibly the remains of several meals. Those meals cannot have been cooked inside the hut as there was no evidence of any burning there. It is more likely that the meals were cooked in one of two pit hearths, the earliest of several in the outdoor activity area already mentioned, between the hut and the earliest dwelling.

It is tempting to speculate that this hut was the original settlers’ site hut, built to shelter no more than two persons while they built more substantial structures at the site. Besides the hut they fashioned a hearth by digging a pit and lining the insides with flat slabs – this will have

rifinn fljótlega, en útielastæðið var notað áfram og mörg önnur gerð á sama svæði næstu áratugi. Eitt af því sem uppgrofturinn í Sveigakoti hefur sýnt mjög vel er að margskonar starfsemi hefur átt sér stað utandyra á bæjarstæðinu, bæði matargerð og smíðar, og er greinilegt að forfeður okkar hafa ekki látið kulda eða vosbúð á sig fá – að minnsta kosti ekki haft fyrir því að byggja sér hús til að vinna verkin innandyra.

Það er skemmtilegt að meðal örfárra gripa sem fundust í elsta íveruhúsinu var hluti af lás og var hann undir neðsta gólfinu í húsinu. Lás af sömu gerð er til á frægri verkfærakistu frá víkingaöld sem fannst á Mastermyr á Gotlandi og er freistandi að ætla að Sveigakotslásin hafi einnig verið á slíkri kistu. Það hefur þá kannski verið verkfærakista þeirra sem byggðu elsta íveruhúsið, þeirra sem hírðust í skúrnum. Lykill sem gæti hafa gengið að slíkum lási fannst í Sveigakoti 2005.

Þó að uppgrefti sé nú lokið í Sveigakoti er mikið starf óunnið við úrvinnslu allra þeirra gagna sem hafa orðið til við gröftinn. Haustið 2006 hófst vinna við greiningu jarðvegssýna en nær öll gólf og yfirborðslög voru tekin upp og

sett í fötur, og efninu síðan fleytt í vatni þannig að lífrænar leifar fljóta upp á yfirborðið en þyngri efni falla til botns. Greining á botnfallinu leiddi m.a. í ljós tvær af hinum örmáu glerperlum úr yngra íveruhúsinu sem grafið var upp 2006.

Úrvinnslan miðar einnig að því að túlka minjarnar í Sveigakoti. Eitt af því sem hefur vakið athygli er að byggingarnar í Sveigakoti eru talsvert frábrugðnar þeim húsakosti sem hingað til hefur verið talinn einkenna elstu byggð á Íslandi. Enginn skáli var byggður í Sveigakoti fyrr en tvær eða þrjár kynslóðir höfðu búið þar, heldur voru niðurgrofnu húsin aðalíveruhús bæjarins fram að því. Þau eru að því leyti frábrugðin jarðhúsum sem víða hafa komið í ljós á íslenskum bæjarstæðum frá víkingaöld og eru yfirleitt túlkuð sem bráðabirgðahúsnæði eða vinnustofur.

Það er greinilegt að fólkið sem byggði Sveigakot hefur kosið að hafa ekki skála og má af þessu e.t.v. draga ályktanir um menningu þess. Jarðhús voru ríkjandi húsagerð um alla Mið- og Austur Evrópu á víkingaöld og má vera að fólkið sem byggði í Sveigakoti hafi rakið uppruna sinn þangað. Einnig er hugsanlegt að húsagerðin

been their barbecue while the building work was in progress. After the dwelling had been built there would have been no further use for the hut. Evidence indicates that the hut was torn down soon afterwards, while the outdoor hearths were in use for much longer. The Sveigakot excavations have brought to light the amount of activity actually taking place outdoors. Such activities included cooking and industry, suggesting that the earliest Icelanders were not as sensitive to the elements as we would be today – at least not to the extent that they considered it worthwhile to erect buildings to shelter themselves while carrying out such tasks.

It is interesting that among the very few artefacts retrieved in the earliest levels at Sveigakot there was a part of a lock, below the earliest floor layer in the earliest dwelling. A famous tool-box found in a grave in Mastermyr, Gotland, has the same type of lock and it is tempting to suggest that the Sveigakot lock came from a similar box. That would mean that this may have been the tool-box belonging to those who built the first dwelling, those who lived in

the small hut. A key which conceivably matches this lock was found in Sveigakot in 2005.

Although the excavations at Sveigakot have now been completed an immense amount of work lies ahead in analysing all the evidence that has been unearthed during its 8 seasons. In autumn 2006, analysis of soil samples commenced. Nearly all floor and surface layers were sampled on a grid, the material collected in buckets and then dissolved in water in a process called flotation. This makes the organic materials float to the surface while heavier materials sink to the bottom. Analysis of the heavy residues revealed, among other things, two of the minuscule glass beads from the more recent of the two dwellings excavated in 2006.

The post-excavation work also aims to interpret the structures at Sveigakot. One of the issues which has been raised is that the Sveigakot buildings are different from the types of buildings which have previously been found on early settlement sites in Iceland. A hall – the ubiquitous dwelling type of the Norse – was not built at Sveigakot until two or even three generations had lived and passed away there. Instead the

endurspegli stöðu Sveigakots, að þar hafi verið hjáleiga eða afbýli af einhverju tagi. Hvernig sem því er varið er margt sem bendir til að frumbyggjarnir í Sveigakoti hafi ekki átt mikið undir sér, að þeir hafi haft mjög takmarkaðan aðgang að efnislegum gæðum og jafnvel verið ófrjálsir – erfitt er að ímynda sér að fólk hafi sjálfviljugt byggt á þessum stað með þessum hætti.

Verkefnis- og uppgrftarstjóri: Orri Vésteinsson. Starfsmenn við uppgröft: Guðrún Alda Gísladóttir, Maciek Trzeciecki, Uggi Ævarsson og Przemysław Urbanczyk.

Umsjón með úrvinnslu gagna: Guðrún Alda Gísladóttir.

Samstarfsaðilar: Hunter College (CUNY), NABO, Polish Academy of Sciences (Institute of Archaeology and Ethnography), Univ. of Edinburgh, Háskóli Íslands, Univ. of Stirling.



Elsta íveruhúsið í Sveigakoti. Fjær er Przemysław Urbanczyk að teikna útieldstæði.

The earliest dwelling in Sveigakot. Przemysław Urbanczyk planning an outdoor hearth to the left.

sunken featured buildings were the principal dwellings in this earlier period. In being primary dwellings they are different from sunken featured buildings found at other sites in Iceland which are normally interpreted as temporary dwellings or special purpose buildings, ancillary to halls.

It seems clear that the people who lived in Sveigakot chose not to build a hall and this choice may allow us to speculate on their origins. Sunken featured buildings were the dominant dwelling type in central and Eastern Europe in the Viking age and it may be that the settlers of Sveigakot could trace their origins from those parts. It is also possible that the house types reflect the status of Sveigakot as a cottage or outstation of some sort. It seems clear at any rate

that the social status of the people of Sveigakot was low; they had limited resources and limited access to material goods and may even have been serfs – as it is difficult to imagine that anyone in full control of his or her own life would have chosen to live in a place such as this.

Project manager and field director: Orri Vésteinsson.

Field team: Guðrún Alda Gísladóttir, Maciek Trzeciecki, Uggi Ævarsson and Przemysław Urbanczyk.

Post-excavation team: Guðrún Alda Gísladóttir.

Collaborators: Hunter College (CUNY), NABO, Polish Academy of Sciences (Institute of Archaeology and Ethnography), Univ. of Edinburgh, Univ. of Iceland, Univ. of Stirling.

Reykjavíkurbær *Nýminjar í hjarta Reykjavíkur*

Árið 2006 hófust framkvæmdir nálægt Reykjavíkurbær vegna fyrirhugaðrar byggingar tónlistarhúss. Vegna framkvæmdanna reyndist nauðsynlegt að gera fornleifakönnun á svæðunum sem átti að raska, enda ná þau yfir hluta gamla Reykjavíkurbæjarins og hafnarsvæði hans.

Fyrsta svæðið sem um ræðir afmarkast af Geirsgötu, Austurbakka, Kalkofnsvegi og Hafnarstræti. Þar voru grafnir 11 könnunarskurðir til að staðsetja húsgrunna og mannvirki sem vitað er að voru á hafnarbakkanum, t.d. bryggjur og upphlaðinn sjávarbakki. Í flestum skurðum var mikið rask tengt nútímabyggð, t.d. pípulagnir, rafmagnsleiðslur og steyptir kjallarar. Á suðurhluta svæðisins voru hleðslur, bæði húsgrunnar og einnig fannst upphlaðinn sjávarbakki. Þar fundust ruslalög sem blandast höfðu sjávarmöl og sandi, enda hefur sorpi verið hent fram af sjávarbakkanum. Þar fundust gripir eins og leirkerabrot, dýra- og fiskibein og töluvert af móaösku. Greinilegt var að sjávarbakkinn hefur færst til og verið endurbyggður oft frá upphafi,

en fyrst var hann hlaðinn upp um miðja 19. öld.

Hafnarbakkinn í Reykjavík er frábær heimild um útpenslu borgarinnar sem hófst á 19. öld. Eftir því sem fiskvinnsla og verslun jókst var þörf á meira plássi fyrir byggingar og bryggjur sem skip gætu lagst að. Þótt mikið sé til af sögulegum fróðleik um lífið í Reykjavík á þessum tíma var fátt vitað um útlit og fyrirkomulag bygginganna í smáatriðum, hvað þá neyslumynstur íbúanna og hvernig þau þróuðust. Þar kemur fornleifafræðin að góðu gagni, enda er hér kjörið tækifæri til að endurmeta sögu Reykjavíkur að hluta, bæði í rannsóknaskyni en eins til kynningar fyrir borgarbúum.

Annar hluti uppgrafftar á þessu svæði var á suðurhluta svæðisins, nánar tiltekið norðan við Hafnarstræti, einkum hús nr. 15 og 21. Sömu leiðis fór fram lítil uppgroftur í Lækjargötu, skammt sunnan við austurenda Hafnarstrætis. Fjöldi húsgrunna var grafinn upp ásamt húsa-görðum. Húsið sem stóð við Hafnarstræti 21, svonefnt Ziemsen hús, var flutt af lóðinni og var

Reykjavík Harbour *The Recent Past in the Center of Reykjavík*

Excavations in advance of large-scale redevelopment of the harbour and water front area took place in 2006, with further work continuing into 2007. The first phase was an evaluation of the development area that lies between Geirsgata, Austurbakki, Kalkofnsvegur and Lækjargata and Hafnarstræti. Eleven trenches were placed to target buildings and water front features such as piers and seafronts. Many of the trenches contained extensive modern disturbance such as pipes, cables, and concreted basements. The southern part of the development area contained stone-built foundations of buildings and seafronts, as well as shore deposits which included dumped material containing artefacts such as pottery, fish and animal bones and peat ash. It was evident that the water front had changed and been redeveloped several times over its history from the mid-19th century onwards.

The waterfront in Reykjavík at the site of our excavations is part of a recent urban expansion

which occurred in the nineteenth century. The critical factor in the reclamation of the land from the sea was the need to develop new space for the fishing industry and industries relating to the import and export of goods; new harbour fronts and piers were needed that supported this new phase of industrialization and expansion in Iceland during the late 19th century. Whilst there is much historical information relating to this period in Reykjavík's history, little is known about the detailed spatial arrangements of the waterfront and the consumption patterns and consumer trends that can be derived from archaeological information. An opportunity to reassess Reykjavík's waterfront history from an archaeological perspective was therefore of paramount interest both for public appreciation of the area and for research. Archaeology in particular in this context acts as a magnet for other types of source material such as maps, photographs, documents and local memory, that exist in abundance for this part of Reykjavík.

það kortlagt að hluta. Húsgrunnurinn var afhjúpaður og svæðið sunnan við húsið grafið upp, þar á meðal voru grunnar undan tröppum á tveimur stöðum. Norðan við Hafnarstræti 19 fundust hlaðnar undirstöður húss sem skv. rituðum heimildum var reist 1860. Vestar, aftan við Hafnarstræti 15 og 17, voru undirstöður eins húss til viðbótar. Norðurveggur tveggja síðastnefndu húsanna myndaði hluta af sjávarbakkannum en milli þeirra lá Kolasund. Greinilega sáust nokkur skeið í þróun þess. Á fyrsta stigi hafði gatan verið lögð stórum hnullungum og hallaði henni niður að sjávarborðinu. Sundið hafði síðan verið hækkað og fyllt upp að hluta með sjávarmöl og síðan höfðu tröppur að húsunum beggja megin við verið reistar þar ofan á. Sjávarbakkinn var hlaðinn út frá þessum byggingum og hallaði lítillega. Ágætlega varðveittur bútur af trébryggju var áfastur honum við Hafnarstræti 19. Vestar var annar hlaðinn sjávarbakki upp við hinn fyrrnefnda og hefur hann tilheyrt endurbyggingu bakkans sem tengd var steinbryggju sem lá fram af Pósthússtræti. Brautarspor úr járnri fundust á bryggjunni.



Leifar timburbryggju við Hafnarstræti 19.

Remains of a wooden pier at Hafnarstræti 19.

With this idea in mind, a second phase of excavation took place in the southern part of the development area in advance of service reorganization. The excavations concentrated on the area north of Hafnarstræti and behind and between houses 15 to 21, as well as a small part of Lækjargata. Several buildings, back and front yards were excavated. The building that stood at Hafnarstræti 21 was removed before the first phase and was partially recorded. In this phase the foundations were revealed and the area on the south side of the building excavated, which including two threshold platforms which were used as a foundation for steps into the building. Another building on the northern side of Hafnarstræti 19 was excavated, which included stone-built foundations for a building that according to documentary sources was built in 1860. Further to the west, behind Hafnarstræti 15 and 17 another building foundation was seen. The northern walls of these two buildings formed part of the sea front. Between them was Kolasund which had seen several phases of development. The first was a large rounded stone surface that sloped downwards towards the sea front. The passage-way had then been raised

and filled with sea deposits on which threshold platforms had been placed as side entrances into the buildings east and west of Kolasund. The sea wall was constructed out of these buildings and sloped at a slight angle. A small part of a wooden pier was attached to the sea wall associated with Hafnarstræti 19 plot, and it remained well preserved and relatively undamaged by land infill. Further to the west, another sea wall was attached to this one forming part of the redevelopment of harbour connected with the stone pier following the line of Pósthússtræti. The sea wall sloped at an angle of 45 degrees and was made out of 'greystone' and was attached to the stone pier. Two parallel double metal tracks were seen on the pier running north to south.

There were a total of 1979 individual artefacts found during the excavations. There was great diversity in types from inscribed stones to Pepsi

Alls fundust 1979 gripir við uppgræftina og var fjölbreytnin mikil, allt frá steinum með áletrunum til Pepsi-dósa. Meirihluti gripanna voru þó brot úr ílátum og öðrum hlutum og brenndum leir. Gripirnir eru að mestu leyti úr heimilis- og iðnaðarsorpi en einnig munir sem fólk hefur týnt. Hægt er að aldursgreina marga þeirra og rekja upprunann. Þeir geta því veitt aukinn skilning á þróun Reykjavíkurborgar, þeim breytingum sem orðið hafa á hafnarbakkanum og lífi

þeirra sem bjuggu í næsta nágrenni.

Verkefnisstjóri: Garðar Guðmundsson.

Uppgræftarstjóri: Oscar Aldred.

Starfsmenn við uppgröft: Astrid Daxböck, Birna Lárusdóttir, Howell Roberts, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Vala Björg Garðarsdóttir.



Unnið að uppgræftri við einn húsgrunnanna við Hafnarstræti.

Excavating one of the stone built foundations in Hafnarstræti.

aluminium cans, although the majority of objects recovered were ceramics. For example, many were the remnants of domestic waste, industrial workings, discarded and lost personal items and structural fittings. Many of these came from the dumped and redeposited sea deposits but also from specific contexts connected with the buildings such as floor surfaces and dumps, which ranged from the 18th century to the early 20th century in date. Since many of the artefacts are datable and can be provenanced, the unique qualities of Reykjavík's urban development will

be understood better because of the archaeological work, in particular the spatial details and development of the sea front and the people who lived nearby.

Project manager: Garðar Guðmundsson.

Field director: Oscar Aldred.

Field team: Astrid Daxböck, Birna Lárusdóttir, Howell Roberts, Lilja Björk Pálsdóttir, Mjöll Snæsdóttir, Oddgeir Hansson, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Sigríður Þorgeirsdóttir og Vala Björg Garðarsdóttir.

Möðruvellir í Hörgárdal Öskuhóll

Sumarið 2007 var grafið í svonefndan Öskuhól á Möðruvöllum í Hörgárdal. Verkefnið tengist stærri rannsókn á lífsviðurværi fólks á Eyjafjarðarsvæðinu á miðöldum. Meðal markmiða þess er að reyna að varpa ljósi á tengsl klaustursins á Möðruvöllum við verslunarstaðinn á Gásum, en ætla má að vöruskipti þar hafi haft áhrif á framleiðslu í nágrenninu. Með því að skoða öskuhauga, sem voru í notkun á sama tíma og verslun stóð með blóma á Gásum, má auka skilning á samskiptum milli verslunarstaðarins og sveitanna í kring. Hóllinn er úr sorplögum og byggingaleifum sem tengjast byggð á Möðruvöllum og hefur hann hlaðist upp á mörg hundruð árum. Gætu elstu leifarnar í hólnum jafnvel verið frá miðöldum þótt ekki hafi verið grafið niður á þær ennþá.

Öskuhóll er vestan við svonefnt Stefánsfjós og myndar hann norðvesturhluta bæjarhólsins, sem er stór og mikill. Skurði var valinn staður eftir að borað hafði verið í hólinn á nokkrum stöðum með jarðvegsbor. Það er tímafrekt og flókið að grafa í öskuhauga, enda þarf að grafa og teikna upp sérhvert lag – og þau eru æði mörg. Mikið var grafið upp af

vel varðveittum dýrabeinum og ýmsum gripum, t.d. leirkersbrotum, járn og textíl. Gripirnir gefa oft vísbendingu um aldur laganna sem þeir liggja í. Gripir sem hafa verið greindir, t.d. rúðugler, flöskur og krítarpípur, benda til þess að mest af því sem grafið var sumarið 2006 sé frá 18.-19. öld.

Töluvert hefur fundist af brenndum beinum í eldri lögunum og eru þau aðallega úr sauðfé og nautgripum. Greinilegt er að ungum nautgripum hefur verið slátrað og gæti það verið vísbending um áherslu á mjólkurframleiðslu en þó er safnið enn of lítið til að niðurstöður séu marktækar. Mikið fannst af þorskeinum í yngstu lögum haugsins. Þau benda til þess að fiskur hafi verið verkaður á staðnum, sennilega fyrir heimafólk.

Möðruvellir in Hörgárdalur Ash Mound

This is a brief summary on the findings from a week-long investigative excavation at Möðruvellir's Öskuhóll/Ash Mound in the summer of 2006. The project is part of a larger study of the high medieval and post-medieval subsistence strategies present in the Eyjafjörður region. Of particular interest is the monastery's one-time connection with the Gásir trading station, which functioned as a place of exchange and thus surely had a strong impact on its surroundings. Contemporaneous midden materials from several sites such as Möðruvellir and others in Gásir's vicinity could greatly improve knowledge of the socio-economic interactions between the trading station and its hinterlands. Öskuhóll is a mound composed of distinct layers of rubbish and building debris associated with the farm and church/monastery of Möðruvellir. These midden deposits have accumulated over several centuries and presumably date back to medieval times. The medieval farm has not yet been positively located, but it is likely that further excavation may aid in doing so.



Jarðlög sigtuð á Möðruvöllum.


Sieving midden deposits at Möðruvellir.

Once the most recent deposit was established through soil cores, a trench was put into Öskuhóll, located to the west of Stefánsfjós (Stefán's byre) and representing the northwestern portion of the farm mound. The time-consuming removal and planning of the various dumping events resulted in the recovery of well-preserved faunal materials and artefacts such as pottery, iron and wool that can be used to chronologically date the different layers. So far, window glass, bottle glass and clay tobacco pipes indicate that these materials most likely stem from the 18th and 19th centuries.

Results from zooarchaeological analysis indi-

Með frekari rannsóknum á haugnum mætti auka við það beinasafn sem fyrir er og fá samanburðarefni frá eldri tíð. Þannig væri hægt að varpa ljósi á hvernig mataræði og búskaparhættir á Möðruvöllum hafa þróast í aldanna rás. Ef unnt væri að greina efnivið úr sorphaugnum sem væri samtíða verslun á Gásum myndi það veita upplýsingar um samband verslunarstaðarins við sveitirnar í kring. Áætlað er að rannsókn á öskuhaugnum á Möðruvöllum haldi áfram sumarið 2007.

*Verkefnisstjórar: Howell Roberts og Orri Vésteinnsson.
Starfsmenn við uppgröft: Ramona Harrison, Oddgeir Hansson, Norie Manigault og Sebastien Martel.*



Afstöðumynd af rannsóknarsvæðinu.

A plan showing the area of excavation.

cate that the lower layers excavated to date contain burnt bones and predominantly sheep and cow elements. The presence of young cow bones could be indicative of dairying activities, but the sample is too small for certainty. A large amount of cod fish remains were analyzed, stemming from the most recent dumping activities on the mound. They indicate processing of fresh fish, presumably prepared by and/or for the farm occupants at the time.

Further investigation is likely to result in more artefactual and faunal materials in larger quantities from different time periods and can thus offer a glimpse into the diet and activities of Möðruvellir's residents throughout the centuries. As mentioned above, if midden materials contemporaneous with those of high medieval

Gásir deposits can be analyzed, more information on the trading site's connection to its hinterlands may emerge. Naturally, more sites need to be analyzed and Möðruvellir with its various deposits over a long period of time may be a good place to start this regional investigation of Eyjafjörður.

Project directors: Howell Roberts and Orri Vésteinnsson.

Excavators: Ramona Harrison, Oddgeir Hansson, Norie Manigault and Sebastien Martel.

Hofstaðir í Þorskafirði

Forkönnun á Hoftóft og Bænhúshól

Markmiðið með rannsókninni var að afla upplýsinga um meint fornleg mannvirki í túninu á Hofstöðum, svokallaða Hoftóft annarsvegar og Bænhúshól hinsvegar. Kanna átti hvort og þá hverskonar mannvirki væri um að ræða, kanna ástand þeirra og meta vísindalegt gildi frekari rannsókna á staðnum.

Fornleifarannsóknin á Hofstöðum var samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands og heimamanna sem eru aðilar að Ferðamálafélagi Dalasýslu og Reykhólasveitar og unnin með stuðningi sveitarstjórnar. Árið 2005 var Grettislaug á Reykhólum rannsökuð og samtímis þeirri rannsókn var grafið í kumlateiga í Berufjarðarbotni. Þá voru þingminjar á Kollabúðum í Þorskafjarðarbotni mældar upp árið 2004. Saman mynda þessar minjar, ásamt Hofstöðum, áhuga-verðan fornleifa- og söguhring í sveitinni. Fár fornleifarannsóknir hafa verið gerðar á sunnanverðum Vestfjörðum og er þetta því kærkomið tækifæri til að bæta við þekkingu á menningar sögu þessa landsvæðis. Mikill áhugi er á frekari

rannsóknum á svæðinu sem og að gera þessum minjum hærra undir höfði og sýnilegri almennungi. Áhugi heimamanna á uppgreftinum var mikill og komu fjölmargir í heimsókn á meðan honum stóð auk þess sem nemendur Reykhólas skóla komu í vettvangsferð.

Hofstaðir hafa vakið athygli fræðimanna um langt skeið og frá því á 19. öld hafa margir þeirra heimsótt staðinn, bæði íslenskir og erlendir. Ástæðurnar voru af tvennum toga, forvitnilegar minjar í túninu og Þorskfirðingasaga sem greinir frá hofi á Hofstöðum. Fyrst þegar fræðimenn



Hofstaðir in Þorskafjörður

Investigating a Chapel and a "Temple"

In cooperation with the Tourist Board of the Districts of Dalasýsla and Reykhólahreppur and the County of Reykhólahreppur an archaeological investigation was carried out at the farm Hofstaðir in Austur-Barðastrandasýsla in the Westfjords in 2006. The aim was to gather information about features in the homefield called Hoftóft (Temple ruin) and Bænhúshóll (Chapel mound). Our team set out to determine the types of structures, their condition and the possibilities of further research at these sites.

Hofstaðir has long been of interest to many scholars, both Icelandic and foreign and since the 19th century many have visited the farm. The reason for this is twofold: (i) interesting archaeology in the homefield and (ii) the saga 'Þorskfirðingasaga' which tells the story of a heathen temple at Hofstaðir. A small hill in the homefield was called Hofhóll (Temple mound) and people believed that the temple, mentioned in the saga, had been situated there. Also, an

Leifar af kirkju og grafir afhjúpaðar á Hofstöðum.

Excavating church and graves at Hofstaðir.

unclear ruin nearby was called gildaskáli (feast hall). However, over time ideas changed and the circular mound was later called Bænhúshóll while the longhouse-like ruin became Hoftóft. It was determined by excavation in 2006 that Hoftóft, which measures 24x7 m, is actually a natural feature, a small mound accumulated around a shallow waterway in the homefield. Bænhúshóll (20x20 m), on the other hand, turned out to be the well-preserved remains of a chapel and graveyard. This preliminary conclusion is very interesting, especially as it gives us a glimpse of how people's ideas on archaeology and what a temple should look like have changed throughout the centuries. In particular it is noteworthy that at first the circular feature was regarded as characteristic of a temple and

komu á staðinn var hringlaga þústahóll neðan bæjar kallaður Hofhóll og talið að þar hefði hofið staðið en langhúsleg þúst þar skammt frá var kölluð gildaskáli. Síðar breyttist þetta og farið var að kalla hringlaga þústina Bænhúshól en langhúslegu þústina Hoftóft. Við fornleifarannsóknirnar sumarið 2006 kom í ljós að Hoftóftin, 24 x 7 m að stærð, er ekki manngerð heldur náttúrumyndun í túninu. Í kringum grunna vatnsrás hafa þúfur byggst upp og myndað það sem sýnist á yfirborði vera skálalaga rúst. Hinn svokallaði Bænhúshóll er um 20 x 20 m stór og kargapýfður að ofan. Um það bil 30 cm undir yfirborði komu í ljós leifar vel varðveittrar kirkju auk grafa. Yfirborðið utan við kirkjuna var mjög hreyft sem bendir til að hugsanlega hafi verið þétt grafið á þeim stað sem rannsakaður var fast vestan við kirkjuna. Tvær grafir voru opnaðar að hluta til að staðfesta að um greftrunarstað væri að ræða og voru mannabein í báðum og leifar trékistu í annari. Ekki er hægt að fullyrða um stærð kirkjunnar á þessu stigi en ljóst er að hún hefur verið meira en 5 m breið. Í veggjum hennar er stærðargrjót og við rannsóknina mátti

greina fleiri en eitt byggingarstig. Þrátt fyrir vaxandi áhuga á kirkjurannsóknnum hin síðari ár hefur enn ekki verið grafið í neinar kirkjuminjar á Vestfjörðum. Rannsóknin á Hofstöðum í Þorskafirði markar því upphaf að slíkum rannsóknum í þessum landshluta. Frekari uppgröftur myndi auka við þekkingu á byggingarstíl og kirkjugerðum almennt.

Uppgrafterstjóri: Guðrún Alda Gísladóttir.

Starfsmenn við uppgröft: Hildur Gestsdóttir, Howell Roberts, Oddgeir Hansson og Óskar Leifur Arnarsson, fornleifræðinemi.



Hofstaðir í Reykhólasveit. Hoftóft fyrir miðri mynd en Bænhúshóll er lengst til vinstri.

Hofstaðir in Reykhólasveit. Temple ruin in the center, Chapel mound to the left.

named accordingly whilst the name was later transferred to the oblong structure. Church research is a growing part of Icelandic archaeology. However, no investigation has thus far been carried out on a church or a chapel in the Westfjords. Further investigation in Hofstaðir would add greatly to the current perception of such structures as well as Christianity in Iceland in the Middle Ages.

Field director: Guðrún Alda Gísladóttir.

Field team: Hildur Gestsdóttir, Howell Roberts, Oddgeir Hansson and Óskar Leifur Arnarsson, archaeology student.

Litlu-Núpar


Forkönnun á rústum frá víkingaöld

Síðla sumars 2006 fór fram könnunaruppgröftur á eyðirústum sem nefnast Litlu-Núpar, við Laxá í Aðaldal. Þar höfðu áður fundist a.m.k. tvö kuml frá heiðni, síðast sumarið 2004. Rannsóknin var gerð í samstarfi við Hið þingeyyska fornleifafélag.

Grafnir voru skurðir í tvær aflangar rústir á norðurhluta minjasvæðisins. Hvorug þeirra hefur verið mannaþústaður en talið er líklegt að um gripa- eða útihús sé að ræða. Báðar byggingarnar höfðu verið reistar eftir árið 950 en voru löngu fallnar úr notkun þegar gjóska féll árið 1477. Þriðji skurðurinn var síðan grafinn í tóft sem er sambyggð innanverðum túngarði. Sú hefur sennilega verið reist á 12. öld en hefur, líkt og hinar, verið löngu komin úr notkun á þeirri fimmtánda. Ekki var unnt að slá neinu föstu um notkun hússins og Litlu-Núpar bíða frekari rannsókna.

Uppgrafstarstjóri: Howell Roberts.

Starfsmenn við uppgröft: James Stuart Taylor, Freya Sadarangani og Ramona Harrison.



Rústirnar á Litlu-Núpum úr lofti. Ljósmynd: Árni Einarsson.

Litlu-Núpar from the air. Photo: Árni Einarsson.

Litlu-Núpar

Assessing a Viking Age settlement

In the late summer of 2006, an evaluation exercise was conducted on an abandoned farm site called Litlu-Núpar in Aðaldal, near to the Laxá river. Two pagan burials have previously been found at the site, the latest in 2004. The research was carried out in collaboration with the Archaeological Society of Thingeyjarsýsla.

Trenches were excavated in two elongated ruins within the northern part of the ruin area. Neither appears to have been a dwelling, and it is more likely that these buildings were outhouses or for stalling animals. Both buildings were built after the deposition of a tephra layer thought to date from circa 950 AD, and both had fallen out of use long before the deposition of another tephra layer likely to date to 1477. A third trench was excavated over a structure built up against the inner face of the homefield boundary. The latter building was raised probably sometime in the 12th century, and like the others had been long out of use by the end of the 15th century.

It is not yet possible to comment upon the func-



Stoðarholur upp við vegg á Litlu-Núpum.

Postholes and a wall in Litlu-Núpar.

tion of this structure. The settlement at Litlu-Núpar awaits considerable further investigation.

Field director: Howell Roberts.

Field team: James Stuart Taylor, Freya Sadarangani and Ramona Harrison.

Glerá

Kirkjugarði raskað við framkvæmdir

Að ósk Akureyrarbæjar var gerð rannsókn á fornum grafreit á svokölluðum Kirkjuhóli við Glerá haustið 2006. Vegna malarnáms hafði grafreitnum stórlega verið raskað og hreyft við allmörgum gröfum, beinum og jarðvegi ýtt fram af námubrúninni. Engar heimildir eru um að kirkja eða kirkjugarður hafi verið að Glerá að fornu. Rannsóknin haustið 2006 takmarkaðist við að hreinsa fram sniðbrún og safna manna-beinaleifum á raskaða svæðinu. Líklegt er að líkamsleifarnar séu úr kristni fremur en heiðni, en trauðla verður sagt um legu beina eða annan

greftrunarumbúnað. Beinín eru heilleg, en vegna eyðileggingarinnar á minjastaðnum hafa þau glatað mestu af rannsóknargildi sínu. Fyrirhugað er að ljúka rannsókn á leifum garðsins haustið 2007.

Uppgrftarstjórar: Guðrún Alda Gísladóttir og Rúnar Leifsson.

Starfsmenn við uppgröft: Ármann Guðmundsson, Óskar Gísli Sveinbjarnarson og Vala Björg Garðarsdóttir.



Fornleifafræðingar standa á leifunum af Kirkjuhól og virða fyrir sér malarnámur.

Archaeologists standing on the remains of Church mound, overlooking the gravel mine.

Glerá

Heavily disturbed graveyard

At the request of Akureyri council limited research was done in Kirkjuhóll (Church Mound) next to Glerá farm, Akureyri in the autumn of 2006. Due to gravel extraction a graveyard had been seriously disturbed and much skeletal material and spoil had been moved. No known written sources mention a graveyard in Glerá. The research in 2006 was limited to cleaning a section and collecting the scattered bone remains. It is plausible that the graves are chris-

tian rather than heathen although nothing can be said about their layout or context. The bones are in excellent condition but have sadly lost their research value because of the mining.

Field directors: Guðrún Alda Gísladóttir and Rúnar Leifsson.

Field team: Ármann Guðmundsson, Óskar Gísli Sveinbjarnarson and Vala Björg Garðarsdóttir.

Leirvogstunga í Mosfellsbæ

Forkönnun vegna fyrirhugaðrar íbúabyggðar

Fyrirhugað er að leggja stóran hluta jarðarinnar Leirvogstungu, sem er innan bæjarmarka Mosfellsbæjar, undir íbúabyggð. Vegna þeirra framkvæmda fór fram könnun í lok ágúst á fjórum svæðum innan túns Leirvogstungu, á bæjarhólum sjálfum og svæðum þar sem fornleifaskráning benti til að hefðu staðið útihús og til stóð að byggja á. Alls voru vélgrafnir ellefu skurðir víðsvegar um túnið, en þar af voru fjórir á eða við sjálfan bæjarhólinn. Byggingaleifar sáust í þremur skurðanna þ.e. á bæjarhólum sjálfum og á tveimur stöðum í túninu austur af bænum. Í kjölfarið var ráðist í fullnaðaruppgröft á tveimur síðasttöldu stöðunum. Ein bygging var grafinn upp á hvorum stað, og voru þær með svipuðu byggingarlagi, niðurgrafnar og grjóthlaðnar og virðist sem þær hafi einfaldlega verið fylltar jarðvegi og grjóti þegar tún var sléttað. Túnakort frá 1917 sýnir útihús með hlöðu á báðum þessum stöðum. Ábúendur vissu að á nyrðra svæðinu stóð hesthús sem rutt var út árið 1955. Í því fannst einmitt töluvert af gripum sem

virtust að miklu leyti vera frá 20. öld auk beinagrindar klársins Brúns, sem var felldur áður en húsið var rífið og grafinn inni í því. Í botni hinnar rústarinnar fannst tveyringur merktur Kristjáni IX. sem var konungur Danmerkur á árunum 1863-1906. Fornleifarannsóknir í Leirvogstungu er ekki lokið og sennilegt að rannsóknir haldi áfram á bæjarhólum.

Verkefnisstjóri: Hildur Gestsdóttir.

Uppgrafterstjóri: Oddgeir Hansson.

Starfsmenn við uppgröft: Lilja Björk Pálsdóttir, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Stefán Ólafsson, Vala Björg Garðarsdóttir og Davide Marco Zori.



Skurðgrafa fjarlægir vegg útihúss að rannsókn lokinni.

A digger removes stonebuilt walls after excavation.

Development led assessment

Due to development plans on the farm of Leirvogstunga in Mosfellsbær, eleven trial trenches were dug at four sites within the homefield, on the site of the farm mound and in areas where a field survey had located possible outhouse structures. Structural elements were found in three of the locations, on the farm mound and in two areas in the homefield east of the farm buildings. As a result of this, full-scale excavations were carried out on the two sites in the homefield. A single structure was excavated at each site, these were of very similar construction, sunken stone-built structures, and it appears that they had been filled with rubble when the home field was levelled.

A map of the homefield from 1917 indicates outhouse s at these sites. Landowners were aware of a stable at the northern site which was demolished in 1955, and inside this was a large amount of finds, mostly datable to the 20th century, as well as the skeleton of a horse, Brúnn, who had been shot prior to the demoli-

tion of the stable and buried inside it. Landowners knew nothing of a structure on the southern site. However, a coin of Christian IX of Denmark was recovered from its floor, but he reigned between 1863 and 1906. Further work is planned in Leirvogstunga, concentrating on the archaeological remains in the farm mound.

Project manager: Hildur Gestsdóttir.

Field director: Oddgeir Hansson.

Field team: Stefán Ólafsson, Lilja Björk Pálsdóttir, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Vala Björg Garðarsdóttir and Davide Marco Zori.

Útskálar í Garði

Forkönnun vegna framkvæmda

Veturinn 2006 fór fram fornleifakönnun á og við bæjarhól Útskála í Garði. Könnunin var gerð að beiðni Menningarseturs að Útskálum ehf. vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Verkið fór fram í þremur áföngum. Í fyrsta áfanga var kannað hvort óregluleg þúst, fast norðan bæjarhóls, væri af mannavöldum. Í öðrum áfanga var svæðið milli útihúss og kirkjugarðs skoðað og í þeim þriðja var kannað hversu djúpt væri niður á mannvistarleifar við norðurhlíð bæjarhólsins og hver mörk hólsins væru. Einnig var sund milli

bæjarhóls og rústahóla norðar í túni kannað. Þær fornleifar sem komu í ljós á könnunarsvæðunum voru aðeins afhjúpaðar en ekki grafið í þær. Alls voru grafnir sjö könnunarskurðir og þar að auki stórt svæði milli útihúss og kirkjugarðs. Á öllu könnunarsvæðinu voru merki um mannvist. Mörg mannvistarlaganna virðast vera af því tagi sem eðlilegt er að finna nálægt mannbústöðum en einnig fundust byggingarleifar sem í voru gripir frá 18. -20. öld. Ekki er hægt að skera úr um þykkt og eðli mannvistarlaganna nema með frekari rannsókn.



Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu.

A view of the excavation area.

Development led assessment

As a result of planned construction, Menningarsetur að Útskálum ehf. requested that an archaeological survey and evaluation be undertaken on and around the farm mound at Útskálar in Garður, SW-Iceland during the winter of 2006. The evaluation was completed in three stages. First, an irregular mound north of the farm mound was trenched to detect whether or not it was man-made; second, the area between an outhouse and a graveyard was evaluated; and third, the cultural layers north of the farm mound were investigated in order to determine

their depth and extent. Simultaneously, the area between the farm mound and mounds in the homefield was investigated, exposing archaeology, although the area was not excavated. Seven trenches were opened as well as a large area between an outhouse and the graveyard (areas A-H). Archaeological remains were located in the entire surveyed area which is consistent with the normal activities associated with human habitation. Remains of one house were found from which artefacts from the 18th-20th centuries were retrieved. At this stage nothing further can be said about the amount or nature of the archaeology.

Field director: Guðrún Alda Gísladóttir.

Field team: Hákon Jensson, Hildur Gestsdóttir, Howell Roberts, Oddgeir Hansson, Sigríður Þorgeirsdóttir and Sólveig Guðmundsdóttir Beck.

Hásteinsvegur 8, Stokkseyri

Forkönnun vegna framkvæmda

Í apríl 2006 voru grafnir tveir könnunarskurðir í hól á lóðinni Hásteinsvegi 8 á Stokkseyri. Könnunin var gerð skv. beiðni frá skipulags- og byggingardeild Sveitarfélagsins Árborgar. Hóll þessi er á fyrirhuguðu byggingarsvæði í bænum.

Markmiðið með greftrinum var að ganga úr skugga um hvers eðlis hóllinn er, náttúrulegur eða af manna völdum.

Í skurðunum fundust umtalsverð mannvistarlög og mannvirki. Svo dæmi séu tekin má nefna vegg og úrgangslög af því tagi sem búast má við að finna við mannabústaði. Örfáir gripir fundust við rannsóknina: rúðugler, leirkersbrot og tunnulok úr járni. Enginn gripanna er talinn eldri en frá því um 1900 og koma þeir allir úr yfirborðsjarðlagi. Nokkur dýrabein fundust við könnunina, húsdýrabein, fiskbein og eitt hvalbein. Mannvistarleifarnar hafa ágætlega afmarkaðan tímaramma. Þær eru allar yngri en gjóskulag sem talið er vera úr Kötlu og er frá því um 1500. Yngstu mannvistarleifarnar sem fundust voru steinsteypt gólfplata, að líkindum ekki eldri

en frá því um aldamótin 1900.

Sennilegt er að hóllinn á lóðinni á Hásteinsvegi 8 sé gamli bæjarhóll Vestra-Íragerðis, en það var hjáleiga frá Stokkseyri.

Starfsmenn við uppgröft: Guðrún Alda Gísladóttir og Howell Roberts.



Hásteinsvegur 8, Stokkseyri

Development led assessment

In April 2006 two evaluation trenches were dug into a mound at a proposed construction area in Hásteinsvegur 8, Stokkseyri, a small village in the south of Iceland. The research was conducted at the request of the council in Árborg. The aim was to determine whether the mound was a natural feature or man-made.

It soon became clear that the mound is made of accumulated cultural layers. For example remains of a wall were found and some midden layers, as can be expected close to dwellings. A few finds were retrieved: window glass, ceramic fragments and the cover of an iron vessel. None of these date back farther than approximately AD 1900, all deriving from a surface layer. A few animal bones were found: domestic animals, fish and one whale bone. All of the remains postdate a tephra layer from the volcano Katla from around AD 1500. The youngest remains found are a concrete floor, probably from around AD 1900. It is likely that this is the farm mound of Vestra-Íragerði, a cottage from Stokkseyri, mentioned in a farm survey in AD 1708.

Könnunarsvæðið við Hásteinsveg. Moldarhrúgur eru við skurðina.

The excavation area in Hásteinsvegur. Soil is sitting next to the trenches.

Field team: Guðrún Alda Gísladóttir and Howell Roberts.

Högnastaðir á Flúðum

Forkönnun vegna framkvæmda

Dagana 16.-20. maí voru grafnir tíu könnunarskurðir í landi Högnastaða á Flúðum. Könnunin var gerð samkvæmt beiðni frá sveitarstjórn Hrunamannahrepps. Svæðið sem rannsakað var er á fyrirhuguðu byggingarsvæði á Flúðum. Mannvistarleifar fundust í 6 skurðum, mest næst bæjarhúsum á Högnastöðum, þar sem fundust að minnsta kosti tvö mannvirki tímasett út frá gjösku frá því snemma á 16. öld og fram á 20. öld. Yngst þeirra er grjót- og torfbyggður kofi,

sem sést greinilega á yfirborði. Samkvæmt heimamönnum var þetta hrútakofi sem var síðast nýttur sem hænsnahús um miðja 20. öld. Undir kofanum voru þykk mannvistarlög og merki um tvö önnur mannvirki, annað komið úr notkun vel fyrir 1947, hitt hlaðið fyrir 1510.

Starfsmenn við uppgröft: Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Hansson.



Könnunarsvæðið á Flúðum.

The assessment area in Flúðir.

Högnastaðir in Flúðir

Development led assessment

From May 16-20, 2006, ten trial trenches were dug at the farm of Högnastaðir in Flúðir. The work was carried out at the request of the local government in Hrunamannahreppur due to proposed development in the area. Cultural layers were found in six of the trenches, mostly near the farm site of Högnastaðir where the remains of at least two, possibly three structures were located, dated through tephrochronology from the early 16th to 20th centuries. The youngest of these is a turf and stone built hut,

still partially standing, which locals claim was a ram-shed and last used to house chickens in the mid-20th century. Sealed by this structure are thick cultural layers and evidence of two other structures, one abandoned well before 1947 and the other constructed before 1510.

Field team: Hildur Gestsdóttir and Oddgeir Hansson.

Arnórsstaðamúli

Forkönnun vegna vegagerðar

Þann 13. júní voru grafnir könnunarskurðir í rústir á vesturbakka Gilsár, nálægt Arnórsstaðamúla í Norður-Múlasýslu. Verkið var unnið að beiðni Vegagerðarinnar, en fyrirhuguð er tilfærsla á vegstæði þjóðvegjar númer 1 þar sem hann liggur um Arnórsstaðamúla og sker nýja vegstæðið rústirnar. Var um að ræða rétt og tvær byggingar sem sambyggðar eru henni að vestanverðu. Tóftirnar voru mældar upp með alstöð og því næst voru tveir skurðir vélgrafnir. Markmiðið var að afla upplýsinga um aldur þessara mannvirkja og kanna hvort eldri byggingar eða byggingarstig leyndust undir þeim. Í skurðunum sást að veggir réttarinnar og syðri viðbyggingarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti en nyrðri viðbyggingin er eingöngu úr torfi. Inniheldur torfið mikið af ljósum vikri sem samkvæmt gjóskulagagreiningu er ættaður úr gosi í Örfafajökli árið 1875 og því er ljóst að byggingarnar voru reistar eftir þann tíma. Engin ummerki sást um eldri byggingarstig eða mannvirki í skurðunum, og fundust engir gripir. Í nágrenni við

rústir réttarinnar fundust rústir tveggja annarra mannvirkja, þ.e fjárhúss og réttar sem virðist vera með svipuðu byggingarlagi og réttin sem skurðinir voru grafnir í.

Starfsmenn við uppgröft: Hildur Gestsdóttir og Oddgeir Hansson.



Horft yfir réttina við Arnórsstaðamúla, Gilsá rennur fjær.

Overlooking the sheep fold at Arnórsstaðarmúli by Gilsá river.

Arnórsstaðamúli

Development led assessment

On June 13, 2006, trial trenches were dug into a structure on the west bank of the Gilsá river at the request of the Icelandic Road Administration due to planned changes to Route 1, which traverses the site. The structure was a large rectangular enclosure, probably a sheep fold, with two smaller structures built onto its western edge. The site was surveyed, after which two trenches were dug to obtain dating evidence and investigate whether earlier structures were present. This revealed that the enclosure and the southern structure were both stone- and turf-built and that the smaller northern structure was built only from turf. The turf contained large amounts of light pumice originating from the 1875 eruption in Örfafajökull, thus demonstrating that the turf structure clearly post-dates that event. No earlier structures were identified and no finds recovered. Near the sheep fold two further structures of similar construction to the one investigated here, a sheep house and a second sheep fold, were identified.

Field team: Hildur Gestsdóttir and Oddgeir Hansson.

Ráeyri í Skútudal

Uppgröftur vegna vegagerðar

Í lok júní fór fram fornleifauppgröfurn í Skútudal í Siglufirði vegna vegaframkvæmda við Héðinsfjarðargöng. Fornleifaskráning á svæðinu hafði leitt í ljós tvær tóftir sem lágu í vegstæðinu. Byrjað var að mæla upp tóftirnar auk fjögurra annarra tófta á sama svæði sem lágu utan við veglínuna. Þá voru grafnir könnunarskurðir í tóftirnar tvær, sem leiddu í ljós að minni tóftin, torfhlaðið hringlaga gerði, hafði aldrei staðið undir þaki og var líkast til heystæði. Ekki var grafið frekar á því svæði. Skurðir í stærri tóftina sýndu að hluti hennar hefur staðið undir þaki og í henni var steinlögn. Var afráðið að grafa hana upp til fulls.

Í ljós kom að tóftin var tvískipt. Vestari hlutinn var torf- og grjóthlaðið gerði með dyraopi á vestanverðum suðurvegg. Við suðausturhorn gerðisins var svo minni tóft, einnig torf- og grjóthlaðin, og gólfið að hluta hellulagt. Ekki sáust mjög áreiðanleg merki um að þak hefði verið á mannvirkinu, en þó var töluvert af torfhruni inni í tóftinni, sem gætu verið leifar af

þaki. Þetta mannvirki hefur líklega verið stekkur, þ.e. rétt sem notuð var til að stífa sundur ám og lömbum á vorin. Stekkir voru yfirleitt með gerði eða rétt sem var nógu stór fyrir ærnar á bænum, og inn af því var oft aðskilið hólf, lambakró, sem hægt var að loka frá réttinni. Eftir að stekkurinn fór úr notkun hefur hann staðið um hríð áður en norður- og austurveggir eystri tóftarinnar voru endurhlaðnir að hluta og tóftin endurnýtt, hugsanlega sem heystæði. Ekki reyndist hægt að aldursgreina tóftina, þar sem ekki var unnt að greina úr hvaða gosi gjóskusýni sem tekið var úr torfi var. Eini gripurinn sem fannst var skeið, líklega frá 19.-20. öld, og var hún úr lögum sem tengjast endurnýtingu á tóftinni. Tóftin er í landi Ráeyrar, sem fór í eyði eftir að skriða féll á bæinn árið 1830 og er því ekki ólíklegt að stekkurinn hafi verið í notkun þegar enn var búið á bænum.

Uppgrafterstjóri: Hildur Gestsdóttir.

Starfsmenn: Oddgeir Hansson, Rúnar Leifsson og Louise Felding.



Rúnar Leifsson og Louise Felding við uppmælingar á tóftinni

Rúnar Leifsson and Louise Felding measuring the ruin.

Ráeyri in Skútudalur

Development led excavation

Due to road work associated with the construction of the Héðinsfjörður tunnel, an excavation was carried out at the end of June in Ráeyri in Skútudalur, Siglufjörður. An archaeological survey had indicated two structures which lay in the road site. Initially the structures were surveyed along with four other structures which lay outside the road site. In addition, trial trenches were excavated in the two structures which revealed that the smaller of the structures, a circular boundary, had not been roofed. Since this indicates that it is most likely a hay store, it was decided that further work for this structure was not necessary. Trenches in the larger structure revealed a turf-built structure with paved flooring, thus a full scale excavation was carried out.

The open area excavation revealed a double structure situated on the banks of Skútuá. The western part was a turf- and stone-built enclosure with an entrance in the western end of the south wall. At the southeastern corner of this enclosure was a smaller structure, also turf- and stone-built with a partially paved floor. There



Stekkjartóftin eftir uppgröft.

The structure after excavation.

were no structural elements indicating that this had been roofed, although large amounts of turf which could be interpreted as roofing material were found inside. This structure was probably a weaning fold. Weaning folds were often constructed with an enclosure large enough for the ewes on each farm, with a smaller compartment which could be sealed off from the rest of the enclosure for the lambs. Their use was to separate the lambs and the ewes so that the latter could be milked during the weaning period. Some time after the weaning fold went out of use, the smaller compartment was partially rebuilt and reused, possibly as a hay store. Conclusive dating evidence was not obtained, the only tephra found on site was within turf, and analysis of this proved inconclusive. The only find from the site was a 19th-20th century spoon, in contexts associated with the later reuse of the structure. The fold is on the farming-land of Ráeyri, which was abandoned after a landslide fell on the farm in 1830, and it is likely that the fold was in use while the farm was still occupied.

Field director: Hildur Gestsdóttir.

Field team: Oddgeir Hansson, Rúnar Leifsson and Louise Felding.

Forn garðlög í S-Þingeyjarsýslu *Hrunin varða undir garðlagi sem var hlaðið fyrir 1158*

2006 var þriðja og síðasta starfsár verkefnisins Forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu sem styrkt hefur verið af Rannís. Grafnir voru 11 skurðir í garðlög á Þegjandadal, Fljótshéiði og í landi Narfastaða í Reykjadal. Reynt var að varpa ljósi á þróun garðlagakerfisins og fylla upp í eyður í vitneskju sem safnast hefur á fyrri árum. 1 m breiðir skurðir voru grafnir, snið teiknuð upp og ljósmynduð og gjóskulög greind til að aldursgreina garðana og kanna hvenær hætt var að halda þeim við.

Aldur	Fjöldi garðlaga
870-1158	5
870-1300	4
870-1477	1
1300-1477	1

Staðfest var að mörg garðlaganna, eða 45%,

voru hlaðin fyrir 1158 en 36% voru eldri en 1300. Þetta eru svipuð hlutföll og fengust úr uppgröftum 2005. Sennilegt er því að mörg önnur garðlög á svæðinu séu á svipuðum aldri. Garður sem liggur eftir endilangri Fljótshéiði þótti sérlega áhugaverður, en hann reyndist eldri en gjóska frá 1158. Hann hafði verið reistur ofan á manngerðri grjóthrúgu, sennilega vörðurúst. Varðan gæti tilheyrð eldra landamerkjakerfi eða jafnvel verið samgöngubót á leið yfir héiðina. Þetta er elsta varða hér á landi sem hefur verið aldursgreind með aðferðum fornleifafræðinnar.

Með kortlagningu af lóðréttum loftmyndum og aðstoð skáloftmynda hefur tekist að draga upp nokkuð skýra mynd af garðlögum í Suður-Þingeyjarsýslu. Ljóst er að svæðinu öllu má skipta upp í minni svæði eftir einkennum garðlagakerfisins á hverjum stað fyrir sig. Þau svæði sem hafa verið best könnuð og ítarlegast kortlögð eru Þegjandadalur, Fljótshéiði og svæðið kringum Narfastaði í Reykjadal. Því er mikið verk enn

Other Projects

A System of Earthworks in NE Iceland *Stone cairn found underneath boundary dated to before 1158*

In 2006 the Rannís-funded project A System of earthworks in NE Iceland excavated 11 trenches across boundaries in Þegjandadalur, Fljótshéiði and Narfastaðir. Their locations were chosen to test theories connected with the development of the boundary systems and to fill gaps in knowledge connected with the distribution of excavation data gathered in previous years, particularly from 2005. Trenches measuring one meter wide were excavated, sections photographed and recorded, and tephra identified to determine dates of construction and non-maintenance.

Date range	Number
870-1158	5
870-1300	4
870-1477	1
1300-1477	1

Table 1. Boundary dates based on tephro-chronology between dates of construction and non-maintenance.

The main results from the fieldwork confirmed that many of the boundaries (45%) were dated before AD 1158, and that 36% before AD 1300. Similar results were also found in 2005. Therefore it is likely that many of the other boundaries in the area can be similarly dated. Of special interest was a boundary on Fljótshéiði which was dated to before AD 1158. It had been built and rebuilt over a stone cairn. The cairn may have been part of an earlier system of land-marking, or perhaps a waymarker across the heath, but the cairn was incorporated into the boundary and is the earliest known cairn (as dated by archaeological excavation).

Through a combination of oblique and vertical aerial photography it has been possible to build up a regional picture of boundaries in Suður-Þingeyjarsýsla in which there appear to be sev-

óunnið á öðrum svæðum þrátt fyrir að Rannís verkefnið hafi runnið sitt skeið. Svipuð garðlög eru annarsstaðar hér á landi eins og fram kom á ráðstefnu um garðlög sem haldin var í Þjóðminjasafninu og bar yfirskriftina Kínamúrar Íslands. Í framhaldi af ráðstefnunni fór fram kortlagning á garðlögum í Svarfaðardal til sam- burðar og er ljóst að þar er líkt garðlagakerfi. Á næstu árum verður fróðlegt að skoða garðlög í fleiri landshlutum, enda kominn styrkur grund- völlum fyrir sam- burðarrannsókn.

Verkefnishópur: Árni Einarsson, Birna Lárusdóttir, Christian Keller, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson og Oscar Aldred.

Starfsmenn við uppgröft: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oscar Aldred, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Stefán Ólafsson.



Hrunin varða undir garðlagi frá því fyrir 1158.

eral distinct areas. Many of these areas have not been researched to the same level of detail as Þegjandadalur, Fljótsheiði and Narfastaðir during the project, and therefore there is still much work to do in the area beyond the Rannís funded project. Further afield, other areas of Iceland also have similar boundaries, as discussed in a symposium held in the National Museum. Following this meeting, a comparative mapping study in Svafarðardalur, Eyjafjörður, took place. It was apparent that similar boundary systems exist in other parts of Iceland which have great research potential for projects similar to the A System of earthworks in NE Iceland project.

Caim under boundary predating 1158.

Project group: Árni Einarsson, Birna Lárusdóttir, Christian Keller, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson and Oscar Aldred.

Field team: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Oscar Aldred, Óskar Gísli Sveinbjarnarson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck and Stefán Ólafsson.

Heilsufarssaga Íslendinga frá landnámi til 18. aldar

Meginmarkmið þessa verkefnis er að gera heildstæða meinafræðilega úttekt á uppgröfnum, íslenskum mannabeinum frá landnámsöld til 18. aldar í því skyni að leggja grunn að heilsufarssögu þjóðarinnar og frekari rannsóknum á því sviði. Kyn, lífaldur og líkamshæð allra einstaklinga eru greind auk þess sem allar meinafræðilegar breytingar, sem sjást á beinum, eru skráðar og þær notaðar til þess að greina einstaka sjúkdóma þar sem mögulegt er. Þótt öll sjúkdómseinkenni verði skráð er aðaláherslan lögð á hörgul-sjúkdóma, smitsjúkdóma, áverka á beinum sem stafa af meiðslum og álagi og tannskemmdir, ígerðir og tannslíðursrýrnun, enda eru þetta þau sjúkdómseinkenni sem gefa bestar upplýsingar um almennt heilsufar. Tölfræðileg úttekt verður svo gerð á niðurstöðunum til að auka skilning á heilsufari Íslendinga og þróun þess.

Árið 2006 voru 56 beinagrindur rannsakaðar, allar úr kumlum víðsvegar af landinu. Úrvinnsla úr þessum gögnum er ekki hafin, en alls hafa nú 76 beinagrindur úr kumlum verið skoðaðar.

Varðveisla á kumlabeinum á Íslandi er mjög misjöfn, og í mörgum tilfellum frekar slæm, sem takmarkar þær upplýsingar sem beinin geta veitt. Eitt af helstu vandamálum við greiningu á kumlabeinum er að töluvert er um höggsár á beinum sem erfitt er að skera úr um hvort séu áverkar eða seinni tíma skemmdir. Ástæðan fyrir þessu er sú að beinin eru mjög illa varðveitt og í mörgum tilfellum hefur verið hróflað við þeim áður en þau voru flutt á Þjóðminjasafnið. Oft hafa grafarræningjar átt við kuml fyrir á öldum til að ræna þau verðmætum og þá raskað beinum, sem finnast gjarnan síðar út af uppblæstri eða framkvæmdum. Því getur verið erfitt að meta hvað hefur komið fyrir beinin áður en þau koma inn á borð til mannabeinafræðings.

Ein beinagrind hefur nokkurra sérstöðu hvað þetta varðar, en það er beinagrind konu, sem hefur verið 25-35 ára þegar hún lést. Hún fannst ásamt beinagrind 35-45 ára gamals karlmanns í kumli við Surtsstaði í Jökulsárhlíð. Kumlið fannst árið 1945 vegna uppblásturs og þá fundu

The palaeopathology of Iceland

The aim of this project is to carry out a complete palaeopathological study of skeletons dating from the settlement period until the 18th century which have been excavated in Iceland, to increase understanding of the health of Icelanders in the past and lay the basis for further research in this field. For this purpose the age and sex of each individual will be diagnosed and his or her stature calculated as well as recording all palaeopathological changes peculiar to each skeleton and these used to diagnose, where possible, specific diseases. Although all diagnosable diseases will be recorded, the main emphasis will be placed on nutritional disease, infectious disease, trauma, changes associated with activity related stress and dental disease (carious lesions, abscesses and periodontal disease), as these are the factors which give the clearest idea of general health within a population. The results from these studies will then be used to carry out a palaeodemographic study to increase our understanding of the health of Icelanders in the past and changes therein.


A total of 56 skeletons were investigated during 2006, all from pre-Christian burials (kuml) from various parts of Iceland. The analysis of the results has not yet started, but a total of 76 skeletons from kuml have now been studied. The preservation of skeletal material from kuml is very varied, and in many instances quite poor, which limits the information that can be obtained from the bones. One of the largest problems in analysing the skeletal material from kuml is the frequent sharp instrument trauma found on the bone, which is difficult to identify whether they are peri- or post-mortem. The main reason for the difficulty is the poor preservation of the material and the fact that in many instances the bones have been disturbed several times before being curated in the National Museum. Many of the burials have been disturbed by grave robbers looting the grave goods, and the bones have frequently been discovered because of erosion or road work. This means it is difficult to determine how often the bones have been handled prior to landing on the osteologist's

ábúendur meðal annars tvær höfuðkúpur við uppgröft og tóku í vörslu sína. Árið 1949 gróf Jón Steffensen svo upp það sem eftir var af kumlinu. Niðurstaða Jóns var sú að karlinn hefði verið grafinn fyrst en kumlið verið opnað einhvern tíma seinna til að leggja konuna í það. Eftir það hafa grafarræningjar síðan rofið kumlið til að ræna úr því verðmætum. Það sem er óvenjulegt við höfuðkúpu konunnar er að hvelving hennar hefur verið söguð af og er ekki að finna í gröfinni. Kúpan er mög illa varðveitt, einungis botnhlutinn er til staðar, öll andlitsbeinin vantar og ytra beinið hefur flagnað af og hefur hún komið þannig úr moldu. Ef kúpan hefur verið söguð eftir það hefur sá hluti hvelvingarinnar sem sagaður var af ekki verið heill. Merki um sögunina er að sjá á ennis- og hnakka-beini, og er áferð faranna þannig að ekki er útilokað að þetta hafi verið gert rétt eftir andlát. Það sem gerir greiningu enn erfiðari er að kúpan hefur verið lökkuð en ekki er ljóst hver vann það verk. Hvergi er skráð í skjölum Þjóðminjasafnsins

að átt hafi verið við beinin og Jón Steffensen minnst hvergi á að kúpan sé söguð.


Verkefnisstjóri: Hildur Gestsdóttir.

Samstarfsaðilar: Þjóðminjasafn Íslands, Árbæjarsafn og Læknasetrið í Mjódd.



Höfuðkúpan, séð að framan.

Sawed off skull, front.



Sögunarfar á ennisbeini.

Saw mark on frontal bone.

desk. A unique example of this problem is the skeleton of a woman, aged 25-35 at the time of her death, who had been buried alongside a 35-45 year old man in a kuml at Surtsstaðir in Jökulsárhlið. Erosion exposed the burial in 1945 and when the landowners dug into it they found two skulls which they took. Jón Steffensen excavated the site in 1949. During the excavation Steffensen recovered the remaining skeletal remains, and also took into his possession the two skulls removed by the landowners. Jón concluded that the man had been buried first, and the burial subsequently re-opened to bury the woman. It was then at some stage disturbed by grave robbers who looted the grave goods. What is unusual about the female is that the cranial vault of her skull has been sawed off and is not preserved in the grave. The skull is very poorly preserved, only the basilar part remains, all the facial bones are missing and most of the cortical bones have flaked off. This is the state in which it would have been lifted from the

ground, so if the sawing took place after that, then the vault would have been very far from being complete. The saw marks can be seen on the frontal and occipital bones, and it is not possible to exclude that they were made in soft bone, that is, shortly after death. What makes diagnosis even more complicated is that the skull has been varnished. There are no records in the National Museum of this skull being treated, and Jón Steffensen does not mention the saw marks.

Project Manager: Hildur Gestsdóttir.

Collaborators: National Museum of Iceland, Árbæjarsafn and Læknasetrið í Mjódd.

Landnám Íslands: rannsókn á strontíumsamsætum í mannabeinum

Markmið þessa verkefnis er að gera rannsókn á strontíumsamsætum í beinum og tannglerungi beinagrinda úr kumlum og elstu kristnu kirkjugörðunum á Íslandi, til þess að gera grein fyrir uppruna landnámsmanna og velta í framhaldi af því upp spurningum um hvernig og hversu hratt Ísland var numið.

Þótt magn strontíums í plöntu- og dýravef sé breytilegt eftir stöðu í fæðukeðjunni, þá breytist hlutfall strontíumsamsæta ekki við meltingu eða tillífun. Strontíumsamsætuhlutfall beina og tanna er þess vegna hið sama og í fæði einstaklinga og umhverfi þeirra. Glerungur tanna endurnýjast ekki og því er hlutfall strontíumsamsæta í tannglerungi það sama og í því umhverfi sem einstaklingurinn bjó til 6 ára aldurs, þegar tannglerungur hefur myndast að mestu. Hins vegar heldur endurnýjun beinvefja áfram alla ævi, og því endurspeglar hlutfall strontíumsamsæta í beinum það umhverfi sem einstaklingurinn var í síðustu ár ævinnar. Vegna þess hve Ísland er jarðfræðilega ungt, þá er

hlutfall strontíumsamsæta í bergi mjög lágt samanborið við fornt berg í Norður-Evrópu. Því ættu allir innflytjendur frá Norður-Evrópu að vera með mun hærra hlutfall strontíumsamsæta en þeir sem hafa vaxið úr grasi hér á landi. Þar af leiðandi ætti að vera hægt að bera kennsl á innflytjendur með því að rannsaka strontíumsamsætur úr tönnum íslenskra beinagrinda sem fundist hafa við fornleifarannsóknir. Meginmarkmið rannsóknanna var að prófa strontíumsamsætuaðferðina á íslenskum mannabeinum til að athuga hvort forsendur væru fyrir stærri rannsókn á landnámi Íslands. Kannað var hvort hægt væri að bera kennsl á innflytjendur. Alls voru tekin sýni úr 83 beinagrindum úr kumlum og af þeim voru 32 (39%) með strontíumsamsætuhlutfall jafnhátt eða hærra en í sjó, sem þýðir að einstaklingarnir geta ekki hafa fæðst á Íslandi. Breytileiki meðal innflytjenda er nógu mikill til að gefa til kynna að þeir eru frá nokkrum mismunandi stöðum. Strontíum eitt og sér er ekki hægt að nota til að ákvarða upprunastað,

The Settlement of Iceland: the analysis of strontium isotopes in human remains.

This project involves the study of the settlement of Iceland through the analysis of strontium isotope within human tooth enamel from archaeological skeletons. The premise of this analytical technique is that the strontium isotopes of a particular geographical area are carried through the soil and via the food chain into the human skeleton where it replaces calcium in the skeletal and dental tissues. As the enamel of teeth does not regenerate, the strontium isotope composition of individual's enamel will reflect the strontium composition of the environment where that individual lived until about 6 years of age. Therefore, by studying the strontium isotope of dental enamel from early Icelandic skeletons it should be possible to distinguish between immigrants and native Icelanders. As Iceland has one of the youngest geologies on earth, it has one of the lowest strontium isotope signatures. Any migrants from northern Europe to the island will therefore exhibit highly distinctive strontium iso-


tope ratios in their tooth enamel.

The aim of this study was to test the strontium isotope method on Icelandic material. By using a large enough sample size, it is believed that those not born in Iceland will be identified, and therefore make possible a larger-scale study of the colonization of Iceland.

The sample consisted of 83 skeletons from kuml (pre Christian burials). Of these, 32 (39%) individuals had strontium isotope signatures higher than or equal to that of seawater, indicating that they could not have been born in Iceland. There is enough variation in the strontium levels to indicate that the settlers did not all originate in the same place. It is not possible to use strontium ratios alone to isolate the places of origin, although they can be used to exclude areas. Although the countries of origin cannot be further discussed at this stage, it is possible to start looking at some of the settlement patterns. The sampling strategy involved,

en þó er hægt að nýta það til að útiloka staði. Á þessu stigi er ekki hægt að tilgreina upprunastaði en þó má athuga dreifingu landnámsmanna á Íslandi. Það sem var athyglisverðast við þær niðurstöður var hátt hlutfall innflytjenda í Norðlendingafjórðungi (55%), en engir fundust á hinn bóginn í Vestfirðingafjórðungi. Áætlað er að rannsóknin haldi áfram með frekari sýnatöku úr íslenskum beinum og ísótóparannsóknum úr beinum frá öðrum löndum Norður-Atlantshafsins til að hægt verði að kortleggja upprunalönd landnámsmanna.

Verkefnisstjórar: Hildur Gestsdóttir & T.D.Price.



as far as possible, the inclusion of individuals from all areas of Iceland, allowing comparisons between different regions. Most noteworthy from the initial analysis of the results was the high percentage of immigrants in the northern part of the country (55%) compared with the complete lack of immigrants in the west. Work on this project will continue, both with further isotopic analysis of the Icelandic material, and analysis of skeletal material from other parts of the North Atlantic, which will hopefully make easier the mapping of places of origin.

Project managers: Hildur Gestsdóttir & T.D.Price.

Kort sem sýnir niðurstöður strontíumgreininga eftir landshlutum.

Map showing the results of strontium analysis for each part of the country.

Landsháttafornleifafræði: Áhrif eldsumbrota á búsetu í S-Þingeyjarsýslu

Í ágúst 2006 fór fram rannsókn á áhrifum eldfjallalandslags á búsetu og menningu í S-Þingeyjarsýslu. Þetta var hluti af undirbúningsvinnu fyrir fyrirlestur sem haldin var á COST ráðstefnu í Le Mans í desember.

Áður en haldið var á vettvangi fór fram kortlagning, bæði á eldvirkum svæðum og svæðum þar sem ekki er eldvirkni. Þetta voru Aðaldalshraun, Þeistareykir, Reykjahlíð, Hverir og ströndin meðfram Mývatni. Aðferðir í rannsókninni voru býsna óvenjulegar, en reynt var að varpa ljósi á fortíðina með því að kanna viðbrögð nútímamanns og upplifun þegar hann gengur um

hraunið. Minjastaðir voru einnig skráðir eftir hefðbundnum aðferðum fornleifafræðinnar. Þar á meðal voru býli og ýmiss konar rústir, gamlar leiðir og mikið af vörðum.

Með rannsókninni tókst að skilgreina eldfjallalandslag, þýðingu þess fyrir forfeður okkar og áhrif þess á búsetu og upplifun fólks af umhverfinu. Landslag sem er mótað af eldfjöllum er síbreytilegt og getur haft áhrif á búsetu. Til að mynda er vitað um bæi sem hafa horfið undir hraun en verið endurreistir aftur á nýjum stað.

Verkefnisstjóri: Oscar Aldred.

Aðrir þátttakendur: Adolf Friðriksson, Árni Einarsson, Niki Evelpidou, Andreas Vassilopoulos og Konstantia Chartidou.



Vörður og garðlög í Aðaldalshrauni.

Cairns and boundaries in Aðaldalshraun.

Landscape archaeology research: volcanic landscapes in Suður-Þingeyjarsýsla

In August 2006 research was undertaken to assess cultural responses to volcanic landscapes in Suður-Þingeyjarsýsla. This was in preparation for a paper to be given at a COST conference in Le Mans in December.

Mapping was used prior to fieldwork to collate together various strands of data close to and in volcanically active and non-active areas: Aðaldalshraun, Þeistareykir, Reykjahlíð, Hverir and around the edge of Lake Mývatn. The research was aimed at assessing contemporary responses through bodily actions (i.e. movement) whilst walking through and experiencing vol-

canic landscapes, and in particular lava fields. Furthermore individual sites were surveyed and recorded in a traditional manner. These included settlements, structures, routes as well as large numbers of cairns.

Through the research a clearer definition of volcanic landscapes and what they might have meant to people in the past was produced. They were transitory spaces, often subjected to change, either from cultural events or from natural ones. Settlement shifts usually as ebbs and flows into these marginal spaces, which were often the first places to feel social pressures of one



Helstu rannsóknarsvæði.

Main geographic areas of research.

kind or another. A lava flow destroys settlement, and therefore were bringers of change, creating dynamic landscapes.

Project manager: Oscar Aldred.

Also connected: Adolf Friðriksson, Árni Einarsson, and from the University of Athens and the Eastern Aegean GeoCultural Park: Niki Evelpidou, Andreas Vassilopoulos and Konstantia Chartidou.



Laxárvirkjun í Laxárdal.

Lava, water and industry meet in Laxárdalur

Menningarlandslag kortlagt í Somerset, Englandi


Fyrir hönd Fornleifastofnunar Íslands vann Oscar Aldred loftmyndakönnun fyrir sveitarstjórnina í Somerset í Englandi. Tilgangurinn var að skoða loftmyndir, bæði frá 4. áratug 20. aldar og frá 2002 og nota þær til að kortleggja akuryrkjuminjar.

Alls var könnunarsvæðið um 1000 ferkílómetrar. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið notaðar til að meta varðveislu og það mark sem nútíminn hefur sett á minjaflokkinn, bæði vélvædd ræktun og íbúabyggð. Auk þess að varpa ljósi á þetta svæði er ætlunin að nota niðurstöðurnar til að bæta upplýsingum við svokallað

Historic Landscape Characterisation verkefni, en það er stórt verkefni sem miðar að því að kortleggja menningarlandslag á öllu Englandi.

Niðurstöður úr verkefninu hafa nýst við að móta umhverfisstefnu í landbúnaði og við ákvarðanatöku í umhverfis- og minjavernd. Þá hefur mun betri mynd fengist af því hvernig landslagið hefur breyst frá því um 1940 og fram til dagsins í dag. Upplýsingar úr kortlagningunni verða notaðar við áætlanagerð, til minjaverndar og kynningar fyrir almenning.

Verkefnisstjóri: Oscar Aldred.



Characterising the medieval landscape of Somerset, England

Oscar Aldred on behalf of Fornleifastofnun Íslands was commissioned by the local authority in Somerset (Somerset County Council), England to carry out a transcription of ridge and furrow (arable cultivation marks) from a series of 1940s and 2002 aerial photographs across an area of 1,000 sq km and collate the information with other mapping and surveys.

This was done in order to assess the degrees of preservation and the impact that modern society has had on this the monument type in particular from mechanised cultivation and housing development. The information gathered is intended to help the Historic Landscape Characterisation project and assess the potential of inte-

grating more detailed mapping of specific features with generalised and broad-based characterisation mapping. The implications of the work have helped support agri-environment schemes, setting targets and establishing priorities for landscape and archaeological management, and assessing the degrees of change to landscape and the loss of relict field systems between the 1940s and the present day. As part of the Historic Environment Record, this information will be utilised for planning, conservation and outreach purposes.

Project manager: Oscar Aldred.

ARCHAEOLOGIA ISLANDICA

Tímarit Fornleifastofnunar Íslands, ARCHAEOLOGIA ISLANDICA, hóf göngu sína árið 1998 og er ætlað að vera vettvangur til birtingar á rannsóknarskýrslum og greinum um íslenska fornleifafræði og skyld efni. Ritstjóri er dr. Gavin Lucas og er útgáfan á ensku og því innlegg í alþjóðlega umræðu um fornleifafræði.

Fimmta hefti kom út árið 2006 og er þar komið víða við. Fjallað er um upphaf kristni í Færeyjum, kynbætur á nautgripum í Skálholti á síðmiðöldum, bein úr kirkjugarðinum á Skeljastöðum, landsháttafornleifafræði á Íslandi og upplýsingar sem fornleifauppgreftir geta veitt um börn og stöðu þeirra fyrr á tímum.

Efnisyfirlit má sjá í ensku útgáfunni hér að neðan.



Christopher Callow fjallar m.a. um leikföng sem fundist hafa við uppgrefti.

Callow discusses toys excavated in Iceland.



Grein Hildar Gestsdóttur fjallar um merki slitgigtar á beinum úr kirkjugarðinum á Skeljastöðum.

Gestsdóttir's article is about osteoarthritis in the skeletal population from Skeljastaðir

ARCHAEOLOGIA ISLANDICA

The year 1998 saw the first issue of ARCHAEOLOGIA ISLANDICA, a journal established by the Institute of Archaeology with the aim of publishing research reports, articles and reviews on Icelandic archaeology and related material. The journal is in English and edited by dr. Gavin Lucas. The contents of the 2006 issue are shown below:

Efnisyfirlit / Table of contents

Oscar Aldred - The Idea Of Landscape In Icelandic Archaeology

Steffen Stumman Hansen & John Sheehan - The Leirvík "Bønústoftin" And The Early Christianity Of The Faroe Islands, And Beyond.

Christopher Callow - First Steps Towards An Archaeology Of Children In Iceland

Hildur Gestsdóttir - Osteoarthritis In The Skeletal Population From Skeljastaðir Iceland; A Reassessment.

George Hambrecht - The Bishop's Beef. Improved Cattle At Early Modern Skálholt, Iceland



Kirkjugarðurinn í Hvalvík í Færeyjum sem kemur við sögu í grein Stummanns og Sheehan.

The graveyard in Hvalvík, The Faroes, mentioned in Stummann's and Sheehan's article.

Fornleifaskólinn 10 ára

Fornleifaskólinn var haldinn í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi dagana 3.-28. júlí 2006. Fjórtnánemendur frá ýmsum löndum stunduðu nám við skólann og aðstoðuðu við uppgröft á rústum frá 10. og 11. öld. Einnig var grafið í leifar yngri bæjar í Vatnsfirði, frá 19.-20. öld, og nemendur tóku þátt í fornleifaskráningu og úrvinnslu uppgraftargagna. Sex nemendur vinna nú að lokaritgerðum um íslenska fornleifafræði, fjórir að meistaraverkefnum og tveir að doktorsritgerðum. Þar af fjalla þrjár ritgerðir að einhverju leyti um Vatnsfjörð.

Fornleifaskólinn var stofnaður árið 1997 og hefur verið haldinn á hverju ári síðan. Hann er fyrst og fremst ætlaður nemendum sem hafa áhuga á fornleifafræði Norður-Atlantshafssvæðisins og er sannkallaður brennidepill fyrir samstarf og kennslu vísindamanna frá Íslandi, N-Ameríku og Evrópu. Í skólanum þjálfast nemendur í vettvangsvinnu, bæði í uppgrefti og fornleifaskráningu. Einnig er reynt að kynda undir áhuga á rannsóknnum á fornleifafræði Norður-Atlantshafs-

svæðisins og stuðla að auknum rannsóknum á Íslandi. Skólinn er metinn til eininga sem fullgilt námskeið við Háskóla Íslands, City University of New York og Háskólann í Osló.

Að þessu sinni var Fornleifaskólinn haldinn í annað sinn í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp en fram að því hafði hann verið haldinn í Mývatnssveit. Nemendur og kennarar bjuggu í heimavistar-skólanum á Reykjanesi og þar var einnig komið upp rannsóknaraðstöðu. Haldið var áfram að grafa upp leifar bæjar og öskuhaugs frá víkingaöld en einnig var grafið í leifar mun yngri bæjar í Vatnsfirði, frá 19. og 20. öld. Þannig fengu nemendur færi á að sjá misgamlar og misjafnlega varðveittar fornleifar, ólíkar aðferðir við hleðslu og margskonar gripi. Í kennaraliði voru sérfræðingar frá Fornleifastofnun Íslands, Þjóðminjasafni Íslands og Háskóla Íslands auk vísindamanna frá háskólum í Osló, Glasgow og Stirling. Nemendum var kennt að túlka fornleifar á loftmyndum, skrá fornleifar og kortleggja. Einnig var fjallað um uppgraftartækni og aðferðir

Archaeological Field School Enters its Tenth Year

The Field School in North Atlantic Archaeology was held at Vatnsfjörður, in northwest Iceland, from July 3-28, 2006. Fourteen international students helped to excavate 10th-11th century and 19th-20th century remains at the farm, and participated in a wide range of landscape survey and post-excavation projects. Three students and three volunteers were inspired to continue post-graduate research in Icelandic archaeology; four have started MA dissertations (three using material from Vatnsfjörður) and two have started PhDs.

The annual four-week international field school was established in 1997 for students with an interest in North Atlantic archaeology, and it serves as a focal point for interdisciplinary, cooperative research and teaching by archaeologists and scientists from Iceland, North America and Europe. The course provides students with hands-on instruction and experience in Icelandic archaeology, field survey and the archaeological sciences; but it also aims to encourage students

to develop research interests in North Atlantic archaeology, and to promote and facilitate research in Iceland. The course is accredited with the University of Iceland, City University of New York and the University of Oslo.

In 2006 the Field School in North Atlantic Archaeology was held for the second time at Vatnsfjörður, northwest Iceland, with accommodation and field laboratories based at the nearby hotel at Reykjanes. There were fourteen registered field school students from seven different countries, as well as three student volunteers who co-ordinated the on-site flotation programme and assisted with the excavation. As in 2005, the field school excavation concentrated on a series of Viking Age buildings and midden deposits north of the farm mound at Vatnsfjörður. However, in 2006, work also began on 19th- and 20th- century deposits on the farm mound itself. This gave students experience with different turf construction techniques, better preservation conditions, and a wider

sem eru notaðar við að teikna jarðlög og lýsa þeim. Haldnar voru málstofur þar sem aðferðir við úrvinnslu gagna voru kynntar, t.d. hvernig gagnasöfnum er komið á stafrænt form og hvernig ýmsar sérfræðigreiningar fara fram. Sérfræðingar skólans héldu marga fyrirlestra þar sem m.a. var gefið yfirlit yfir íslenska fornleifafræði og rannsóknir sem hafa verið gerðar hér. Einkunnir nemenda byggðust á frammistöðu á vettvangi og einkunn fyrir hópverkefni, en öll verkefni voru kynnt við skólaslit. Ánægjulegt er hversu margir nemendur við skólann hafa valið sér íslensk viðfangsefni í lokaverkefnum sínum við erlenda háskóla. Eitt verkefnanna fjallar um

skordýraleifar frá Vatnsfirði og annað um greiningu á viðarkolum og þangi svo dæmi séu nefnd.

Þótt skólinn snúist að mestu um lærdóminn fengu nemendur einnig að kynnst ýmsum þáttum íslenskrar menningar. Á leiðinni vestur var komið við á Eiríksstöðum í Dölum og tilgátuhúsið þar heimsótt. Um helgar var farið í skoðunarferðir, t.d. að Drangajökli, á Sjóminjasafnið á Ísafirði og Galdrasafnið í Hólmavík. Þá var farið á sveitaball í Ögri og smakkað á íslenskum kræsingum eins og hákarli og hrútsprungum.



Nemendur og kennarar í Vatnsfirði 2006.

Students and staff in Vatnsfjörður 2006.

range of artefacts and faunal material.

The teaching team consisted of archaeologists, conservators and environmental scientists from the FSÍ and the National Museum of Iceland as well as from the Universities of Iceland, Oslo, Glasgow and Stirling. Students received instruction in aerial photograph interpretation, landscape survey, earthwork mapping, excavation methods, photography, single context recording, section drawing, soil and sediment description and sampling techniques. Through a series of practical workshops, students were also introduced to a wide range of

post-excavation techniques, including the digitisation of the site archive, flotation, botanical analysis, heavy residue analysis, faunal analysis, archaeological sediment analysis and artefact processing. All of this practical work was complemented by a lecture series by field school staff and visiting lecturers, which provided an overview of Icelandic archaeology, conservation techniques and archaeological science projects that have been conducted in Iceland and elsewhere in the North Atlantic region. Students were evaluated on the basis of a daily field journal and a practical group project, for which they

Skólástjóri: Karen Milek.

Aðrir starfsmenn: Astrid Daxböck, Christian Keller, Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Jonas Secher Schmidt, Konrad Smiarowski, Mjöll Snæsdóttir og Oscar Aldred.

Gestakennarar: Adolf Friðriksson, Colleen Batey, Graham Langford, Ian Simpson og Torfi Tulinius.

Nemendur: Alice Whitmore (University of Cambridge), Altaire Harris (Ástralía/Háskólinn í Osló), Bartłomiej Begziak (Jagiellonian University, Pólland), Elijah McStotts (College of Charleston), Ella Ussher (Nýja Sjáland), Hege Gjerde (Háskólinn í Osló), Inge Knudsen (Háskólinn í Osló), Maeve McCormick (Írland/University of Glasgow), Marina Matatova (City University í New York), Maureen Kick (City University í New York), Sandra Coullenot

(University of Lyon), Sébastien Martel (Laval University, Kanada), Véronique Forbes (Laval University, Kanada), Yannick Guigue (University of Grenoble, Frakkland).

Sjálfbóðaliðar: Dawn Mooney (University of Cambridge), Nicole Taylor (University of Cambridge), Elizabeth Pierce (University of Glasgow).

Samstarfsaðilar: Háskólasetrið á Vestfjörðum, Vestfirðir á miðöldum, NABO, Háskóli Íslands, City University of New York, Háskólinn í Osló.



Nemendur flokka og greina gripi undir leiðsögn.

Artefact practical.

could choose to work on the artefacts, sediments, botanical material or faunal material that had been recovered from the site. Each group presented the results of their study at the end of the field school.

The 2006 field school was particularly successful at promoting graduate research projects in Icelandic archaeology: Véronique Forbes has started to analyse the insects from Vatnsfjörður for her MA dissertation at the University of Laval, Canada; Dawn Mooney will be analyzing the charred wood and seaweed from Vatnsfjörður

for her MPhil at the University of Cambridge, UK; Nicole Taylor will be writing a dissertation on comparative Icelandic recording methods for her MA in Field Archaeology at University College London, UK; Sandra Coullenot, who is doing her MA at the University of Lyon, France, is writing her dissertation on Icelandic church architecture; Alice Whitmore, at the University of Cambridge, has started a PhD on Viking Age assembly sites in Iceland and their landscape context; and Elizabeth Pierce has started a PhD at the University of Glasgow on material culture and interactions in the North Atlantic.

In addition to being an intensive learning experience, the field school provided its international students with a rich cultural experience. En route to the field school, students were taken to visit the reconstructed turf house at Eiríksstaðir, and on weekends there were guided excursions to Drangajökull, the Maritime Museum in Ísafjörður, Ósvör fishing station, the Natural History Museum in Bolungarvík and the Museum of Sorcery and Witchcraft in Hólmavík. Other popular cultural events included a local country



Nemendur Fornleifaskólans heimsóttu Ósvör í Bolungarvík.

Visiting the Ósvör fishing station.

dance at Ögur and a þorrablót with traditional Icelandic food and dancing.

Director: Karen Milek.


Field School staff: Astrid Daxböck, Christian Keller, Garðar Guðmundsson, Guðrún Alda Gísladóttir, Jonas Secher Schmidt, Konrad Smiarowski, Mjöll Snæsadóttir, Oscar Aldred.

Visiting lecturers: Adolf Friðriksson, Colleen Batey, Graham Langford, Ian Simpson, Torfi Tulinius

Field School students: Alice Whitmore (University of Cambridge, UK), Altaire Harris (Australia/University of Oslo, Norway), Bartłomiej Begziak (Jagiellonian University, Poland), Elijah McStotts (College of Charleston, USA), Ella Ussher (New Zealand), Hege Gjerde (University of Oslo, Norway), Inge Knudsen (University of Oslo, Norway), Maeve McCormick (Ireland/University of Glasgow, UK), Marina Matatova (City University of New York, USA), Maureen Kick (City University of New York, USA), Sandra Coullenot (University of Lyon, France), Sébastien Martel (Laval Univeristy, Canada), Véronique Forbes (Laval University, Canada), Yannick Guigue (University of Grenoble, France)

Volunteers: Dawn Mooney (University of Cambridge, UK), Nicole Taylor (University of Cambridge, UK), Elizabeth Pierce (University of Glasgow, UK)

Collaborators: University Centre of the Westfjords, Medieval Westfjords Society, NABO, University of Iceland, City University of New York, University of Oslo.



Karen Milek kennir aðferðir við fornleifauppgröft.

Karen Milek teaching on site.

Hið Þingeyska fornleifafélag

Hið Þingeyska fornleifafélag var stofnað haustið 2004 og stóðu að því bæði áhugasamir einstaklingar og stofnanir í héraði. Félagið hefur það að markmiði að efla rannsóknir á íslenski miðaldamenningu, undirbúa og framkvæma fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir í Þingeyjarþingi og skapa styrkari forsendur fyrir menningartengda ferðamennsku á svæðinu. Félagið starfar náið með Fornleifastofnun Íslands sem annast vísindalega ráðgjöf og framkvæmd skráninga og rannsókna á vegum félagsins. Stjórn félagsins skipa Unnsteinn Ingason, Hreiðar Karlsson og Tryggvi Finnsson.

Áður en félagið var stofnað hafði Fornleifastofnun Íslands gert margvíslegar rannsóknir á

svæðinu á hverju ári í rúman áratug, bæði fornleifaskráningu og uppgróft. Með tilkomu félagsins hefur skapast vettvangur fyrir samstarf ólíkra aðila um vísindalega starfsemi á þessu sviði í framtíðinni, sem og fyrir áframhaldandi rannsóknir í héraðsfornleifafræði hér á landi. Með slíkri nálgun er reynt að varpa ljósi á marga minjaflokka á sama svæði til að draga upp mynd af menningu og afkomu fólks á ákveðnu tímasteiði.

Rannsóknir á vegum félagsins undanfarin sumur hafa einkum beinst að fornþýlum, kumlum og þingstöðum.



